

ÍÐORÐASAFN Í ALÞJÓÐASTJÓRNMÁLUM OG STJÓRNMÁLAFRÆÐI

ÍSLENSKT-ENSKT, ENSKT-ÍSLENSKT

Fyrsta útgáfa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Íðorðarit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2

Ritstjórn:

Ágústa Þorbergsdóttir
Kristín Una Friðjónsdóttir
Silja Bára Ómarsdóttir

Umbrot, setning og hönnun:

Ágústa Þorbergsdóttir

Reykjavík 2012

© Ritstjórn

ISBN 978-9979-654-22-3

Prentun: Leturprent

Formáli

Í þessu hefti er að finna fyrstu útgáfu að íðorðasafni í stjórnmálafræði og tengdum fræðigreinum, einkum alþjóðasamskiptum. Þetta safn er afrakstur rannsóknar á hugtakanotkun og íslenskum íðorðum sem unnin var með liðsinni Nýsköpunarsjóðs námsmanna sumarið 2011. Hugmyndin kviknaði í kennslu hjá einum höfunda, Silju Báru Ómarsdóttur, sem leitaði samstarfs við Ágústu Þorbergsdóttur á málræktarviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Tilraunir til fjármögnunar á verkefninu báru loks árangur vorið 2011 og þá var Kristín Una Friðjónsdóttir, meistaranemi í alþjóðasamskiptum, fengin til að vinna að verkefninu.

Markmið okkar var að útbúa orðasafn sem almenningur gæti nýtt sér í gegnum leitarvél orðabankans (www.ordabanki.hi.is) og í bókarformi sem hægt væri að lesa yfir í heild sinni til þess að öðlast heildarsýn yfir hugtökin, hvort sem er af íslensku yfir á ensku eða öfugt. Með þessari rannsókn og útgáfu er stuðlað að framgangi fræðastarfs á íslensku, yfirfærslu þekkingar á erlendum hugtökum og enn fremur unnið í samræmi við málstefnu Háskóla Íslands þar sem segir m.a. að HÍ vilji stuðla að því að gera kennurum, sérfræðingum og nemendum kleift að tala og skrifa um öll vísindi á íslensku og gera þau eins aðgengileg og kostur er. Enn fremur er þetta í samræmi við íslenska málstefnu og laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaþáls.

Orðalistinn var þróaður með aðstoð nokkurra kennara við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hann var unninn á grundvelli íðorðafræði en í því felst að hugtökin eru skilgreind á hnitmiðaðan hátt. Stundum fylgja hugtökunum nánari skýringar eða dæmi. Skáletruð orð í skilgreiningum, skýringum eða dæmum er að finna sem flettiorð í bókinni. Að lokum var listinn borinn undir ýmsa aðila sem hafa starfað að alþjóðamálum á vettvangi rannsókna og kennslu, þýðinga, fjölmiðla og stjórnmála. Þau sem þannig komu að verkefninu eru Alyson J.K. Bailes, Auður H. Ingólfssdóttir, Birna Þórarinsdóttir, Björn Bjarnason, Eiríkur Bergmann Einarsson, Gunnhildur Stefánsdóttir, Ingólfur Bjarni Sigfússon, Hulda Þórisdóttir, Maximilian Conrad, Ómar H. Kristmundsson, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, Sveinn H. Guðmarsson og Þorgerður Einarisdóttir. Við kunnum þeim öllum sem og Nýsköpunarsjóði námsmanna hinar bestu þakkir fyrir að leggja hönd á plóg og stuðla að framgangi þessa verkefnis. Allar villur sem eftir kunna að standa eru að sjálfsögðu á okkar ábyrgð.

Þetta hefti verður birt í opnum aðgangi á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og er númer tvö í íðorðaritroð stofnunarinnar. Það er von okkar sem að verkefninu standa að það muni nýtast bæði nemendum í stjórnmálafræði og alþjóðasamskiptum, og þeim sem vinna með hugtök tengd fræðigreinunum í sínu daglega starfi. Enn fremur vonumst við til þess að hægt verði að þróa safnið og bæta við það í framtíðinni og fögnum öllum ábendingum um hugtök sem ættu heima í nýrri útgáfu af safninu.

Reykjavík, vorið 2012

Ágústa Þorbergsdóttir, Kristín Una Friðjónsdóttir og Silja Báru Ómarsdóttir

Íslensk-ensk orðaskrá

A

aðferðafræði

- methodology

sú fræðilega aðferð og kenning(ar) sem beitt er við rannsóknir hverju sinni

afbygging

- deconstruction

(félagsvísindi)

gagnrýni á hefðir og áður óvefengdan hugsunarhátt

Hugtakið kemur upphaflega úr heimspeki og hugvísindum.

afnám

- abolition

(öryggismálafræði)

það þegar eitthvað er bannað með það fyrir augum að útrýma því

Dæmi: Bann við jarðsprengjum.

afsvæðavæðing

- deterritorialisation

önnur stafsetning: deterritorialization

það að heimsskipan riðlast og mörk milli áður aðgreindra svæða verða óljós

Afsvæðavæðing er ein af afleiðingum *hnattvæðingar* og felur í sér að félagsleg tengsl takmarkast ekki lengur við staðbundna þætti og landfræðileg mörk heldur myndast nú þvert á slíkar fyrrverandi hindranir.

afvopnun

- disarmament

(öryggismálafræði)

það að leggja niður vopn og/eða skera niður eða jafnvel eyða vopnabirgðum

sjá einnig: *takmörkun á útbreiðslu geryðingavopna*

aföryggisvæðing

- de-securitisation

önnur stafsetning: de-securitization

(öryggismálafræði)

gagnstæð þróun við *öryggisvæðingu*, þ.e. þegar málaflökkur eða fyrirbæri er fjarlægð úr umræðu um öryggismál og fært í umræðu um almenn þjóðmál

algildur ávinningur

- absolute gain

(alþjóðasamskipti)

ávinningur þar sem allir aðilar hagnast

Hugmyndin um algildan ávinning er nátengd *plússummu* og er algeng í kenningum sem byggjast á hugmyndafræði *frjálslyndisstefnu* til þess að lýsa hegðun *ríkja* í *alþjóðakerfinu*.

sjá einnig: *hlutfallslegur ávinningur*

alhliða skynsemi

- comprehensive rationality

(alþjóðasamskipti)

kenning sem gerir ráð fyrir því að *gerendur* hegði sér á fyrirsjáanlega rökréttan hátt í samningaviðræðum til þess að hámarka ávinning sinn

sjá einnig: *skilyrt skynsemi*

almannasvið

- public sphere

gagnrýninn umræðugrundvöllur *almennings*

almannavarnir

- civil protection

(skipulagðar) *varnir almennings* þegar mikil hættu er á ferðum, t.d. vegna ófriðar eða náttúruhamfara

almenningur

- public

allur þorri manna

alþjóðahyggja

- internationalism

(alþjóðasamskipti)

frjálslyndur kenningaskóli sem hafnar *stjórnmalum* sem byggjast á sérhagsmunum *þjóðríkjanna* en leggur þess í stað áherslu á *marghliða* samvinnu og sameiginlega eða *þverþjóðlega* hagsmuni

alþjóðakerfi

- international system

heild sem myndast við innbyrðis tengsl fjölmargra fyrirbæra sem á einhvern hátt snerta samskipti þvert á landamæri *ríkja*

Þessi heild er huglæg fremur en skýrt afmörkuð og fræðimenn greinir á um skilgreiningu hennar.

alþjóðalög

- international law
formleg lög og reglur sem *fullvalda ríki* hafa komið sér saman um að virða og (fram)fylgja

alþjóðasamfélag

- international society
samsafn *fullvalda ríkja* sem viðhafa og virða sameiginleg *gildi* og reglur

alþjóðasamskipti

- international relations
(1) alþjóðleg samskipti;
(2) fræðigreini sem skoðar samskipti og tengsl á milli og meðal *ríkja*

Líta má á fræðigreininna sem þverfaglega (sem einbeitir sér að alþjóðlegum þáttum *stjórn mála*, hagfræði, sagnfræði, lögfræði og félagsfræði) eða skýrt afmarkaða (sem einbeitir sér einvörðungu að kerfisbundnum *formgerðum* og tengslum í *alþjóðakerfinu*).

alþjóðastjórnsmál

- international politics
(1) *stjórnsmál* sem stunduð eru á alþjóðlegu sviði;
(2) fræðigreini sem varð til árið 1919 þegar alþjóðastjórnsmálafræðideild var stofnuð við Háskólann í Aberystwyth í Wales og hafði það að markmiði að koma í veg fyrir frekari stríðsátök með því að rannsaka stjórnmála- leg tengsl á milli *ríkja*

Um margt skylt *alþjóðasamskiptum* en alþjóðasamskipti eru þó yfirgrípsmeiri fræðigreini; til að mynda mætti setja *alþjóðalög* undir hatt alþjóðasamskipta en ekki hatt alþjóðastjórnsmála.

alþjóðastofnun

- international organization
hvers kyns viðurkennd *stofnun* sem þrjú eða fleiri *ríki* eru aðilar að

alþjóðavæðing

- internationalisation
önnur stafsetning: internationalization
aukin samskipti og *víxlhæði ríkja* á heimsvísu, m.a. sökum *hnattvæðingar* og þess kerfis, formlegs eður ei, sem slík samskipti leiða af sér

Alþjóðavæðing er gjarnan notuð til þess að skýra þróun markaðshagkerfis á heimsvísu.

alþjóðlegt regluverk

- international regime
(alþjóðasamskipti)
samsafn reglna, *gilda* og ávarðanatökufarla sem *gerendur* á tilgreindu sviði *alþjóðasamskipta* hafa sammælt um vegna sameiginlegra markmiða og hagsmuna, getur tekið á sig mynd formlegra eða óformlegra stofnana

Hafréttarsamningur *Sameinuðu þjóðanna* er dæmi um alþjóðlegt regluverk.

sjá einnig: *stjórnarfar*, *kenning um alþjóðlegt regluverk*

alþjóðlegur

- samheiti: alþjóða-
• international
sem snertir mörg eða jafnvel öll *ríki* heims

Alþjóðubandalagið

- People's Alliance
íslenskur stjórnmálaflokkur (1956–1999)

Alþjóðuflokkurinn

- Social Democratic Party
íslenskur stjórnmálaflokkur (1916–1999)

atferlishyggja

- behaviouralism
önnur stafsetning: behavioralism
(alþjóðasamskipti)
hugmyndafræði sem byggist á grunngildum *vissuhyggju* og þeirri trú að einungis rannsóknaraðferðir raunvísinda geti leitt til sannrar fræðilegrar þekkingar

Atlantshafsbandalagið (NATO)

- North Atlantic Treaty Organisation (NATO)
varnarbandalag *ríkja* í Evrópu og Norður-Ameríku sem stofnað var árið 1949 til þess að verja aðildarríkin fyrir ásókn Sovétríkja

Eftir lok kalda stríðsins hefur *bandalagið* lagað sig að nýjum *ógnum* og látið til sín taka utan Evrópu, t.d. í Afganistan, Írak og Líbíu.

Á

áhætta

- risk
- hætta á einhverju

ákvörðun

- decision
- (Evrópufræði)
- Evrópusambandslöggjöf* sem gildir í einstökum málum og er bindandi fyrir þá sem henni er beint til

álit

- opinion
- (Evrópufræði)
- Evrópusambandslöggjöf* sem ekki er bindandi heldur áeggjan til þeirra sem hún beinist að

átök

- conflict

B

bandalag

- alliance
- (öryggismálafræði)
- samstarf byggt á sameiginlegum *hagsmunum*, yfirleitt af hernaðarlegum toga og gjarnan í tengslum við varnir *ríkja*
- Atlantshafsbandalagið* er dæmi um alþjóðlegt varnarbandalag.

beint lýðræði

- direct democracy
- stjórnarfar þar sem ákvarðanatökuvald er í höndum borgaranna sjálfra án nokkurra milligönguaðila, þ.e. ekki *fulltrúalýðræði*

Besti flokkurinn

- Best Party
- íslenskur stjórnmálaflokkur (2009–)

Borgarahreyfingin

- Citizen's Movement
- íslenskur stjórnmálaflokkur (2009–)

borgaralegt samfélag

- civil society
- það þegar *almenningur* skapar sér vettvang til þess að fjalla um og vernda *hagsmuni* sína í umbótaskyni en hvorki til að græða á því né öðlast pólitísk völd

Birtist einkum í starfi *frjálsra félagasamtaka* en einnig í starfi hvers kyns *samtaka* og *tengslaneta* sem vinna í þágu bætts *samfélags*.

bókstafstrú

- fundamentalism
- bókstafleg túlkun á trúarboðskap sem hefur mikil áhrif á daglegt líf og athafnir þess sem hana stundar

Bókstafstrú getur verið áhrifavaldur í opinberri *stefnu ríkja*, s.s. í kjölfar klerka-byltingarinnar í Íran.

brostið ríki

- samheiti: þrotríki
- failed state
- ríki* án staðbundinnar, *lögmaettrar ríkisstjórnar* sem telst ófært um að gæta velferðar eigin borgara án ytri aðstoðar

D

dagskrársetning

- agenda-setting
- (stefnumótunarfræði)
- það þegar ákveðið málefni eða málaflokkur er formlega eða markvisst tekinn til umfjöllunar við *stefnumyndun*

dreifræðisregla

- samheiti: nálægðarregla
- principle of subsidiarity
- (Evrópufræði)
- vinnuregla *Evrópusambandsins* um að mál eigi ávallt að taka fyrir á lægsta mögulega stjórnsýslustigi.

dreifskipan

- deconcentration
- (opinber stjórnsýsla)
- ein tegund *dreifstýringar*, yfirleitt notað um valddreifingu í opinberri *stjórnsýslu ríkis*

dreifstýring

- samheiti: valddreifing
- decentralisation
- önnur stafsetning: decentralization
- (opinber stjórnsýsla)
- það þegar ákvarðanatökuvald er fært frá miðstýrðu ríkisvaldi til lægri stiga *stjórnsýslu* í þeim tilgangi að færa það nær borgurum í *ríkinu* (andstæða við *miðstýringu*)

sjá einnig: *dreifskipan*

E

eigindleg rannsókn

- qualitative research (félagsvísindi)
rannsóknaraðferð sem felst í því að félagslegur veruleiki er útskýrður í ljósi huglægra gagna og gjarnan persónulegrar reynslu einstaklinga

einpóla kerfi

- samheiti: einpóla heimsskipan
- unipolarity (alþjóðasamskipti)
það þegar eitt *ríki* eða ríkjasamband fer með yfirgnæfandi *vald* á alþjóðlegum vettvangi
Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að árið 1990 hafi *alþjóðakerfið* orðið einpóla þar sem einungis Bandaríkin gátu talist vera *stórveldi*.

einstaklingshyggja

- individualism (stjórn málafræði)
einstaklingsmiðuð hugmyndafræði sem álitur að *formgerðir samfélagsins* og innviðir þess mótist af hinum ýmsu *gerendum* sem að þeim koma og innbyrðis samskiptum þeirra.

einstök stjórnareining

- polity sui generis (latína)
skipulagsheild sem er einstök að því leyti að hana er ekki hægt að bera saman við aðrar
Yfirleitt notað í *alþjóðasamskiptum* til þess að lýsa þróun *Evrópusambandsins*.

Evrópuráðið

- Council of Europe (CoE)
samevrópsk *stofnun* sem hefur það að markmiði að standa vörð um *mannréttindi* og *lýðræði* og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í aðildarríkjunum

Evrópusambandið (ESB)

- European Union (EU)
efnahagsleg og pólitísk *samtök* Evrópuríkja sem byggja á grunni Kola- og stálbandalagsins (1952–2002) og Efnahagsbandalagi Evrópu, EB (1958–1993)

Evrópusambandið var formlega stofnað undir núverandi heiti með Maastricht-sáttmálanum árið 1993.

Evrópusambandsdómstóllinn

- samheiti: ESB-dómstóllinn
- Court of Justice of the European Union
undirstofnun Evrópusambandsins og æðsta dómssvald þess

Evrópusambandslöggjöf

- European Union legislation
lög sem gilda innan *Evrópusambandsins* og *Evrópusambandsþingið* setur
Reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, til-mæli og *álit* eru allt dæmi um Evrópusambandslöggjöf.
sjá einnig: *alþjóðalög*

Evrópusambandsþingið

- samheiti: Evrópuþingið
- European Parliament (EP)
undirstofnun *Evrópusambandsins*, fer með löggjafarvald ásamt *ráðherraráði Evrópusambandsins*

Evrópusamruni

- European integration (Evrópufræði)
samruni pólitíks, efnahagslegs og félagslegs ákvarðanatökuvalds sem færast frá *stofnunum* í *þjóðríkjum* til sameiginlegra *yfirþjóðlegra* stofnana á vegum *Evrópusambandsins* eða annarra samevrópskra eininga
sjá einnig: *Evrópuvæðing*

Evrópuvæðing

- Europeanisation
önnur stafsetning: Europeanization (Evrópufræði)
allar breytingar í kjölfar *Evrópusamruna*

F

feðraveldi

- patriarchy
(1) samfélagshættir þar sem ættfaðirinn ræður mestu í *samfélaginu* (gamalt);
(2) rötgrónar *formgerðir* í *samfélögum* sem byggjast á yfirráðum karla og undirokun kvenna

femínismi

samheiti: kvenfrelsisstefna

- feminism

pólítísk hreyfing sem hefur það að markmiði að berjast gegn kynbundnu ójafnrétti og kúgun kvenna

Í *alþjóðasamskiptum* er femínismi gjarnan flokkaður með *gagnrýnikenninum* enda beita femínískir fræðimenn gjarnan þeirri *aðferðafræði* að bera rökstudd kennsl á ójafnrétti kynjanna til þess að sýna fram á óhagstæðar *formgerðir* í *alþjóðakerfinu*.

félagasamtök

- organisation
- önnur stafsetning: organization
- skipulögð starfsemi þar sem unnið er að sameiginlegu markmiði

Dæmi: Amnesty International og Frímúr-arareglan eru dæmi um ólík félagasamtök.

sjá einnig: *frjáls félagasamtök*

félagsfræðileg frjálslyndisstefna

- sociological liberalism
- (alþjóðasamskipti)
- kennning sem heyrir undir *nýfrjálslynda stofnanahyggju* og leggur áherslu á mikilvægi samfélagsmyndunar, friðsamlegra samskipta og aukins *víxlhæðis* í *alþjóðakerfinu*

félagsleg stofnanahyggja

- sociological institutionalism
- kenningarfræðileg nálgun sem miðar að því að skoða samfélagsleg áhrif og afleiðingar *stofnanavæðingar* í ríkari mæli en aðrar gerðir *stofnanahyggju* hafa gert

fjölhyggja

- pluralism
- (stjórn málafræði)
- kenningarfræðileg nálgun sem gerir ráð fyrir því að allir skipulagðir hópar séu mögulegir pólítískir þátttakendur og leggur þ.a.l. áherslu á að skoða vinnuhætti allra

fjölmennningarhyggja

- multiculturalism
- stefna á Vesturlöndum sem fæst við það verkefni að finna leiðir til að mæta þörfum aðkomufólks og annarra minnihlutahópa

og auðvelda þannig aðlögun þeirra að *samfélaginu* (og öfugt)

fjölþjóðlegur

- multinational
- samheiti: fjölþjóða-
- sem felur í sér þátttöku tveggja eða fleiri *þjóða* eða starfsemi í tveimur eða fleiri löndum

fjórfrælsi

- four freedoms
- (Evrópufræði)
- grunn gildi *Evrópusambandsins* um frjálst flæði fólks, fjármagns, varnings og þjónustu á innri markaði þess

flóttamaður

- refugee
- einstaklingur sem hefur flúið land sitt til þess að forðast stríð eða aðrar ógnir, t.a.m. pólítískar ofsóknir eða umhverfisvá
- sjá einnig: *vegalaust fólk innan eigin ríkis*

formgerð

- structure
- (félagsfræði)
- samfélagsleg fyrirbæri sem takmarka *gerendahæfni* einstaklinga, s.s. kyn, þjóðerni eða trúarskoðanir

Gerendahæfni og *formgerðir* í *samfélögum* eru grunnhugtök í *marxisma* og tengdum kenningum.

sjá einnig: *formgerðarhyggja*

formgerðarhyggja

- structuralism
- (alþjóðasamskipti)
- kennning eða fræðilegt sjónarhorn þar sem *alþjóðasamskipti* eru skoðuð út frá félagslegum *formgerðum* í *samfélögum*

forsetaræði

- presidential government
- stjórnarfyrikomulag þar sem *forseti* er óskoraður stjórn mála leiðtogi *ríkis*, þ.e. deilir ekki ríkisforystu með neinum

Bandaríkin eru dæmi um forsetaræði.

sjá einnig: *forsetaþingræði*

forsætisráðherra

- prime minister
- æðsti *ráðherra* í *ríkisstjórn* og sá sem stýrir

forsætisráðuneyti

forsetaþingræði

- semi-presidential government
stjórnarfyrikkomulag þar sem *forseti* er helsti stjórnmalaleiðtogi *ríkis* en deilir ríkisforystu með *forsætisráðherra*

Frakkland og Kína eru dæmi um forsetaþingræði.

sjá einnig: *forsetaræði*

forseti

- president
(stjórnmalafraði)
þjóðhöfðingi *lýðveldis*

Eðli forsetaembætta er misjafnt eftir löndum og er þáttaka forseta í *stjórnmalum* mismikil.

sjá einnig: *forsetaræði*, *forsetaþingræði*

forskriftar-

- normative
sú fræðilega afstaða sem hefur það að markmiði að bæta heiminn, eða í öllu falli að lýsa fyrirbærum eins og þau ættu að vera
sjá einnig: *gildakenning*, *gildi*

framkvæmdastjórn Evrópusambandsins

- European Commission
undirstofnun *Evrópusambandsins*, vettvangur daglegrar framkvæmdar á *stefnu* sambandsins auk þess að sinna fjárlagagerð og almennri hagsmunavörslu

Framsóknarflokkurinn

- Progressive Party
íslenskur stjórnmalaflokkur (1916–)

fram tíðarskuggi

- samheiti: skuggi fram tíðar
• shadow of the future
(alþjóðasamskipti)
þegar væntingar um fram tíðarsamskipti hafa áhrif á samskipti í samtímanum

Nágrannaríki búa t.d. við langan fram tíðarskugga því þau vita að þau þurfa að starfa saman fyrr eða síðar og tregða til samstarfs er því báðum í óhag.

friðargæsla

- peacekeeping
aðgerðir á vegum alþjóðlegra aðila/*stofn-*

ana, hernaðarlegar eður ei, sem ætlað er að aðstoða við lausn erfiðra deilumála á milli eða innan *ríkja* og þannig stuðla að varanlegum friði

Öryggisráð *Sameinuðu þjóðanna* er yfirleitt sú *alþjóðastofnun* sem heimilar og/ eða stendur að baki friðargæsluáðgerðum.

Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)

- European Free Trade Association (EFTA)
fríverslunarsamtök frá árinu 1960, núverandi aðildarríki eru Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss

Meginverkefni *samtakanna* er fríverslun með iðnaðarvörur, sjávarafurðir og að einhverju leyti landbúnaðarvörur, auk þess að hafa milligöngu um samskipti EFTA/EES-ríkja við *Evrópusambandið* á grundvelli *samnings* um *Evrópska efnahagssvæðið*.

frjáls félagasamtök

- non-governmental organization (NGO)
stofnun eða *samtök* sem hvorki eru háð *ríkinu* né rekin í ágóðaskyni heldur í þágu borgaranna og gjarnan til þess að berjast fyrir e.k. umbótum

frjálslynd forsjarhyggja

- libertarian paternalism
(stefnumótunarfræði)
það þegar leitast er við að fá einstaklinga til þess að velja á sjálfstæðan máta það sem þeim er fyrir bestu

Frjálslyndi flokkurinn

- Liberal Party
íslenskur stjórnmalaflokkur (1998–)

frjálslyndisstefna

- liberalism
(alþjóðasamskipti)
hópur kenninga sem kenna má við frjálslyndi, bjartsýni og trú á að heiminn megi bæta með samvinnu og sameiginlegum *stofnunum*

frjálslynd milliríkjahyggja

- liberal intergovernmentalism
(alþjóðasamskipti)
samrunakenning sem varð til úr *milliríkjahyggju* og *nývirknihyggju* til þess að varpa skýrara ljósi á *Evrópusamrunann* og bæta fyrir vankanta fyrri kenninga

Frjálslyndir milliríkjahyggjusinnar álíta að persónulegt hagsmunamat *ríkja* og mat þeirra á hlutfallslegum völdum innan *yfirþjóðlegra stofnana* séu meginorsök aukinnar samrunaþróunar í Evrópu.

fulltrúalyðræði

- representative democracy
- stjórnarfar þar sem kjörnir fulltrúar *almennings* fara með framkvæmd *lýðræðis* í umboði hennar

fullveldi

- sovereignty
- stjórnarfar þar sem *ríki* fer með full og óskoruð yfirráð á eigin landsvæði, þ.e. þegar ríkisvaldið er öllu *valdi* æðra innan ríkis-markanna

Friðarsamningarnir í Vestfalíu (1648) eru yfirleitt taldir marka upphaf nútímaskilnings á hugtakinu. Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918.

sjá einnig: *innra fullveldi*, *ytra fullveldi*

G

gagnrýnikenningar

- critical theory
- (alþjóðasamskipti)
- hópur kenninga sem leitast við að taka grunnþætti og viðtekin *gildi* í *alþjóðakerfinu* til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að breyta heiminum og frelsa mannkynið undan pólitísku og hugmyndafræðilegu oki

Meðal gagnrýnikenninga má nefna *femínisma* og *mótunarhyggju*.

gagnsemishyggja

- pragmatism
- fræðileg nálgun sem álítur að skilningur og þekking verði einungis metin út frá hagnýtu gildi þeirra

gerendahæfni

- agency
- (félagsfræði)
- geta einstaklinga til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir og viðhalda gagnrýnni hugsun

Gerendahæfni og *formgerðir* í *samfélögum* eru grunnhugtök í *marxisma* og tengdum kenningum.

gerandi

- actor
- aðili (t.d. einstaklingur, *samtök*, *stofnun* eða *ríki*) sem aðhefst eitthvað
- sjá einnig: *gerendahæfni*

gerandi óháður ríki

- non-state actor
- hvers kyns *gerandi* á alþjóðasviðinu sem ekki sækir vald sitt til *ríkis*

Frjáls félagasamtök eru dæmi um gerandur óháð ríki.

gereyðingarvopn

- weapons of mass destruction (WMD)
- samheiti: atomic, biological and chemical weapons (ABC weapons), nuclear, biological and chemical weapons (NBC weapons)
- vopn búin slíkum eyðileggingarmætti að þau eru talin geta valdið afar yfirgripsmiklum skaða og mannfalli bæði meðal hermanna og óbreyttra borgara

Nútímagereyðingarvopn eru annaðhvort kjarnorkuvopn, efnavopn eða lífefnavopn.

gildakenning

- normative theory
- yfirheiti yfir kenningar sem lýsa fyrirbærum eins og þau ættu að vera samkvæmt ákveðinni forskrift eða grundvallarreglu en eru ekki endilega í raun og veru
- sjá einnig: *forskriftar*

gildi

- norm
- (alþjóðasamskipti)
- almenn viðmið og (oft) óskráðar reglur hvað varðar hegðun *gerenda* í *alþjóðasamskiptum* sem fela auk þess í sér sameiginlegan skilning á réttindum og skyldum innan kerfisins

grænbók

- green paper
- vinnuskýrsla sem hefur að leiðarljósi að marka upphaf að samræðum sem lúta að einhvers konar pólitískum tillögum eða umbótum; getur leitt til vinnslu *hvítbókar*

H

hagsmunir

- interest
(alþjóðasamskipti)
hagur, sbr. ríkishagsmunir og eiginhagsmunir

Raunhyggjukenningar álíta að hagsmunir *ríkja* séu fastir og óbreytanlegir en kenningar í anda *mótunarhyggju* draga þá ályktun í efa og telja að hagsmunir séu félagslega mótaðir.

hart vald

- hard power
(alþjóðasamskipti)
vald sem felst fyrst og fremst í hernaðargetu *ríkis* á alþjóðlegum vettvangi en einnig í getu ríkja til þess að beita áhrifamiklum og hraðvirkum pólitískum aðgerðum líkt og efnahagsþvingunum
sjá einnig: *raunhyggja*, *mjúkt vald*

hálfgildingsríki

- quasi-state
ríki sem önnur ríki hafa viðurkennt sem *fullvalda* ríki en sem uppfyllir þó ekki grunnþarfir borgaranna
sjá einnig: *brostið ríki*

hálfjaðar

- semi-periphery
(alþjóðasamskipti)
svæði innan *alþjóðakerfisins* sem telst ekki vera ríkjandi þrátt fyrir að þar liggi einhver *völd*

Grunnhugtak í *heimskerfakenningu*.

háþólitik

- high politics
stjórnsmál sem teljast til hefðbundinna grunnstoða í *utanríkisstefnu ríkja*, þ.e. fyrst og fremst öryggis- og varnarmál, *stríð* og hernaðarmáttur
sjá einnig: *lágþólitik*

heildarhyggja

- holism
fræðileg nálgun sem álitur að tiltekna heildir beri að skoða og skilja sem slíkar en ekki einungis út frá þörtum sínum

heimastjórn

- home rule
stjórnarfar þar sem *lands-* eða *ríkisstjórn* er í höndum staðbundins *ráðherra* sem valinn er af innlendum borgurum þrátt fyrir að *ríkið* lúti enn yfirráðum annars ríkis að hluta
Íslendingar fengu heimastjórn frá Dönum 1. febrúar 1904.

heimsborgarahyggja

- cosmopolitanism
(alþjóðasamskipti)
kenning sem gefur til kynna samsömun við tiltekið *samfélag*, menningu eða hugsjón sem má finna þvert á landamæri eða félagsleg mörk

Heimsborgarahyggja leggur áherslu á frelsi frá staðbundnum og/eða þjóðernislegum höftum og stöðlum.

heimskerfakening

- world systems theory
(alþjóðasamskipti)
marxísk kenning sem skiptir *alþjóðakerfinu* í þrjá flokka: *kjarna*, *hálfjaðar* og *jaðar*
Valdhafar mynda *kjarnann*, aðilar sem hafa einhver *völd* teljast til hálfjaðars en valdalitlir eða valdalausir aðilar hafast við á jaðrinum og þurfa að laga sig að heimsmýndinni sem hinir móta.

heimsvaldastefna

- imperialism
utanríkisstefna sem miðar að því að sölsa undir sig landsvæði eða önnur gæði á erlendri grundu og fara þar með yfirstjórn sem byggist á *stígveldi*
Stórveldi (heimsveldi) verða til fyrir tilstilli heimsvaldastefnu.
sjá einnig: *raunhyggja*

her

- army
samheiti: military

herkænskufraeði

- samheiti: herfræði
• strategic studies

hernaðar-

- military

hernaðarleg öryggismál

- hard security (öryggismálafræði) öryggismál *ríkja* sem lúta að hefðbundnum, utanaðkomandi *ógnum* og felast fyrst og fremst í hernaðarlegum *vörnum* sjá einnig: *samfélagsleg öryggismál*

hlutfallslegur ávinningur

- relative gain (alþjóðasamskipti) ávinningur (oftast í formi *valds*) sem er marktækur ef hann er meiri en, eða á kostnað, keppinautarins
Hugmyndin um hlutfallslegan ávinning er nátengd *núllsummu* og er algeng í kenningum sem byggjast á hugmyndafræði *raunhyggju* sjá einnig: *algildur ávinningur*

hnattrænn

- global samheiti: heims- sem nær til jarðarinnar allrar og þeirra sem hana byggja
Dæmi: hnattrænar loftlagsbreytingar sjá einnig: *hnattvæðing*

hnattræn stjórnsmál

- global politics samheiti: world politics
hvers kyns *hnattræn* stjórnsmálatengsl, þ.e. ekki einungis tengsl á milli *ríkja* heldur ýmissa *gerenda* á sviði *stjórnsmála* sjá einnig: *alþjóðastjórnsmál*

hnattræn stjórnun

- global governance samsafn aðgerða, reglna og kerfa á ýmsum stigum *stjórnsmálatengslu*, formleg eður ei, sem viðhöfð eru á *hnattræna* vísu sjá einnig: *stjórnunarhættir*, *hnattvæðing*

hnattvæðing

- globalisation samheiti: globalization
þróun sem fólgin er í niðurbroti landfræðilegra (og hugmyndafræðilegra) mæra sem áður aðskildu *þjóðir* heimsins
Hnattvæðing er m.a. oft notuð til þess að skýra uppgang kapítalísks markaðshag-

kerfis á heimsvísu í kjölfar kalda stríðsins.

Hreyfingin

- The Movement íslenskur stjórnsmálaflakkur (2009–)

hryðjuverk

- terrorism samheiti: hryðjuverkastarfsemi skemmdarverk, manndráp eða aðrir glæpir sem framdir eru af skipulögðum hópi í pólitískum tilgangi til að afla málstaðnum fylgis með því að valda ótta meðal *almennings*

hugmyndafræði

- ideology fræðigreinin sem fæst við hugmyndir og hvernig þær falla saman í kerfi eða eina heild

hugsjónahyggja

- idealism (alþjóðasamskipti) kenningarfræðileg nálgun sem leggur áherslu á siðferðisleg gildi, *alþjóðahyggju* og gagnkvæmt hagsmunalegt jafnvægi í samskiptum *ríkja* og *stefnumótun* þeirra í utanríkismálum.

hugveita

- samheiti: sérfræðingaráð
• think tank sérhæfð *samtök* sem rannsaka og tala máli framþróunar og lausna í sérhæfðum samfélagslegum málaflokkum, s.s. á sviði efnahags- eða umhverfismála

hvatarauhyggja

- motivational realism (alþjóðasamskipti) kenning sem leitast við að útskýra samkeppni og *átök* milli *ríkja* út frá gráðugu og valdasæknu eðli vissra *ríkja*

hvítbók

- white paper skýrsla sem felur í sér formlegar tillögur *ríkisstjórna*, oft byggðar á *grænbók*, sem gjarnan snúast um tillögur að eða breytingar á lagasetningu.

I

innanríkis-

- intrastate
- fyrir innan ríkjamörk
- Dæmi: innanríkisátök

innleiðing stefnu

- policy implementation (stefnumótunarfræði)
- það þegar hafist er handa við að framfylgja *stefnu* sem orðið hefur til við *stefnumyndun* og staðfest með *stefnumörkun*

innra fullveldi

- internal sovereignty
- sá hluti *fullveldis* sem nær til yfirráða *ríkis* yfir eigin landsvæði og borgurum
- Aðgreining fullveldishugtaksins í innra og ytra fullveldi endurspeglar breytt hagsmunamat *ríkja* í *alþjóðasamskiptum*. sjá einnig: *ytra fullveldi*

Í

ígrundun

- reflectivism
- (alþjóðasamskipti)
- kenningarfræðileg nálgun sem hafnar aðferðum *rökhyggju* en kýs þess í stað túlkandi og íhugular aðferðir

íhlutun

- intervention
- afskipti

J

jaðar

- periphery
- (alþjóðasamskipti)
- svæði innan *alþjóðakerfisins* sem er valdalaust með öllu
- Grunnhugtak í *heimskerfakenningu*.

K

kapitalismi

- samheiti: auðvaldshyggja, markaðshyggja
- capitalism

(stjórn málafræði)

hagfræðileg hugmyndafræði sem telur að frjálst markaðshagkerfi með sem minnstum ríkisafskiptum sé leiðin til hagsældar

kenning

- theory
- samstætt kerfi setninga eða lögmála sem notað er til að skýra fyrirbæri á einhverju sviði
- Allar kenningar gefa sér forsendur um *verufræði*, *þekkingarfræði* og *aðferðafræði*.

kenning um almannagæði

- collective goods theory
- samheiti: public goods theory
- (alþjóðasamskipti)
- kenning sem fjallar um alþjóðasamstarf sem lýtur að stýringu svæða og gæða í allra eigu, t.d. úthöfin, heimsskautin og lofthjúp jarðar
- sjá einnig: *hnattræn stjórnun*

kenning um alþjóðlegt regluverk

- international regime theory
- (alþjóðasamskipti)
- kenning sem fjallar um samstarf *ríkja* á tilteknu sviði með því að skoða allar mögulegar birtingarmyndir þess (t.d. *alþjóðastofnanir*, *frjáls félagasamtök* og viðskiptatengsl) á þeim forsendum að með því að skoða heildarmyndina megi greina heildstæða birtingarmynd *stjórnunar* í málaflokknum

Ríkjasamstarf á sviði kjarnorkumála er dæmi um *alþjóðlegt regluverk*.

kenning um hæði

- dependency theory
- (alþjóðasamskipti)
- marxísk* kenning sem beinir sjónum sínum að því hvers vegna bilið á milli hins ríka norðurs og hins fátæka suðurs heldur áfram að breikka
- Hugtakið hæði er hér notað í merkingunni að vera háður einhverju(m).

kenning um oddaveldisstöðugleika

- hegemonic stability theory
- (alþjóðasamskipti)
- kenning sem gerir ráð fyrir að opnu, frjálsu markaðshagkerfi verði einungis viðhaldið með stuðningi *oddaveldis*

Kenningin byggist á hugmyndafræði *raunhyggju*.

kenning um skynsamlegt val

- rational choice theory
samheiti: strategic choice theory
(alþjóðasamskipti)

kenning sem styðst við hagfræðilegar nálganir til þess að skýra rökrétta hegðun *ríkja* sem getur fólgið í samvinnu frekar en samkeppni

Kenningin byggist á hugmyndafræði *raunhyggju*.

kjarni

- core
(alþjóðasamskipti)
svæði innan *alþjóðakerfisins* þar sem mest völd liggja

Grunnhugtak í *heimskerfakenningu*.

klerkaveldi

- theocracy
stjórnarfar þar sem konungur eða æðsti valdhafi fer með vald guðs og guðslög eru landslög

konungspingræði

- parliamentary monarchy
stjórnarfyrikkomulag þar sem fjölskipuð *ríkisstjórn* fer með framkvæmdavald en konungur eða drottning gegnir hlutverki þjóðhöfðingja sem fer þó ekki með eiginlegt pólitískt *vald*

Bretland og Danmörk eru dæmi um konungspingræði.

sjá einnig: *þingræði*

kyngervi

- gender
(félagsvísindi)
félagslega mynduð hlutverk, hegðun og eiginleikar sem samfélagið telur hæfa konum og körlum

L

landfræðistjórnsmál

- samheiti: landfræðipólitík
- geopolitics
(alþjóðasamskipti)
kenning þar sem *stjórnsmál* eru skoðuð út frá

tengslum þeirra við landfræðilega þætti og hvaða afleiðingar tengingin hefur fyrir *völd* og *hagsmuni ríkja*

landhelgi

- territorial waters
samheiti: fishing limits
það sjávarsvæði undan strönd lands sem fellur undir lögsögu tiltekins *ríkis*
sjá einnig: *landhelgisgæsla*

landhelgisgæsla

- coast guard
stofnun sem sér um að vernda *landhelgi ríkis*

landsstig

- samheiti: á landsvísu, innlendur vettvangur
- national level
(stjórnsmál)stig sem nær yfir allt landið

lágpólitík

- low politics
stjórnsmál sem ekki teljast til hefðbundinna grunnstoða í *utanríkisstefnu ríkja*, t.d. efnahags-, umhverfis- og velferðarmál
sjá einnig: *hápólitík*

leiðtogafundur

- summit
fundur þar sem leiðtogar *ríkja* koma saman til þess að fjalla um ýmis málefni

leiðtogaráð Evrópusambandsins

- European Council
undirstofnun *Evrópusambandsins*, skipuð leiðtogum aðildarríkjanna (*forsetum* eða *forsætisráðherrum*) í því skyni að móta *stefnu* sambandsins og taka mikilvægar ákvarðanir

leikjafræði

- game theory
(stjórnsmálafræði)
reiknanlegar formúlur sem notaðar eru til að spá fyrir um ákvarðanatöku í erfiðum aðstæðum, s.s. í *átökum*
sjá einnig: *valþröng fangans*

líkan um skynsaman geranda

- rational actor model
(stjórnsmálafræði)
líkan sem spáir fyrir um hegðun *ríkja* innan *alþjóðakerfisins* á þeim forsendum að þau

séu þar helstu *gerendurnir* og hegði sér ávallt rökrétt í hagsmunagæslu sinni

Líkanið byggist á *kenningu um skynsamlegt val*.

Lýðræði

- democracy

stjórnarfar þar sem *almennin* getur með (leynilegum) kosningum haft úrslitavald í stjórnarfarsefnum

Einnig notað í merkingunni réttur og aðstaða einstaklinga og hópa til að láta í ljós vilja sinn og hafa áhrif á samfélagsleg málefni.

sjá einnig: *lýðræðishalli*

Lýðræðishalli

- democratic deficit

það þegar raunverulegri framkvæmd *lýðræðis* innan lýðræðislegrar *stofnunar* eða *samtaka* er ábótavant, hvort sem er vegna formgerðargalla eða annarra þátta

Lýðræðisleg frjálslyndisstefna

- republican liberalism
- samheiti: democratic peace theory (alþjóðasamskipti)

kenninng sem heyrir undir *nýfrjálslyndisstefnu* og leggur áherslu á að lýðræðislegt stjórnarfar leiði til friðar í ljósi þess að lýðræðisríki eru mun ólíklegri til þess að beita borgara sína harðræði eða ráðast á lýðræðis-sinnaða nágranna sína

sjá einnig: *lýðræði*

Lýðveldi

- republic

þingræðislegt stjórnarfar þar sem æðstu menn eða æðsti maður (*forseti*) *ríkisins* er þjóðkjörinn eða kosinn af þjóðkjörnum fulltrúum til tiltekins tíma

Ísland er lýðveldi.

Lögmætur

- legitimate

sem er í samræmi við gildandi lög

M

mannöryggi

- human security

nálgun á alþjóðleg öryggismál þar sem

áhersla er lögð á *öryggi* og velferð einstaklinga, hópa og *samfélaga* gagnstætt ráðandi nálgun *raunhyggju* þar sem megináhersla er lögð á öryggi *ríkja* og *hagsmuni* þeirra

Klofnings gætir í umræðu um mannöryggi þar sem talsmenn hins svokallaða „breiða skóla“ telja a.m.k. sjö flokka öryggis teljast til mannöryggis: efnahagsöryggi, fæðuöryggi, heilbrigðisöryggi, umhverfisöryggi, persónuöryggi, samfélagsöryggi og pólitískt öryggi. Talsmenn „þrönga skólans“ telja mannöryggi aftur á móti ná eingöngu yfir síðasta þáttinn, pólitískt öryggi.

sjá einnig: *öryggisvæðing*

Mannréttindadómstóll Evrópu

- European Court of Human Rights
- undirstofnun *Evrópuráðsins* sem borgarar í aðildarríkjum þess geta leitað til ef þeir telja að stjórnvöld hafi beitt þá órétti og þannig brotið á *mannréttindum* þeirra

mannréttindi

- human rights

grundvallarréttindi fólks, einkum til frelsis, *öryggis* og jafnræðis, almennt ætluð til að tryggja það fyrir ágangi *ríkisins*

Mannréttindi eru tryggð í alþjóðlegum *sáttmálum*, *stjórnarskrám* ríkja og landslögum þeirra.

sjá einnig: *mannöryggi*

marghliða

samheiti: fjöhlíða

- multilateral

(alþjóðasamskipti)

sem varðar það þegar aðilar í þremur eða fleiri *ríkjum* verða ásáttir um einhvers konar samstarf

Dæmi: marghliða samningur

marghliða samvinna

samheiti: fjöhlíða samvinna

- multilateralism

sú þróun að ýmsir málaflokkar, þar sem sameiginlegir *hagsmunir* eru í húfi, séu æftar unnir af hópi *ríkja* eða á alþjóðlegum vettvangi í stað þess að starfa á einstaklingsgrundvelli

margpóla kerfi

- samheiti: margpóla heimsskipan
 - multipolarity (alþjóðasamskipti)
- það þegar valddreifing í *alþjóðakerfinu* eða hluta þess er í höndum þriggja eða fleiri *ríkja* eða ríkjasambanda
- sjá einnig: *einpóla kerfi*, *tvípóla kerfi*

markaðsfrjálslyndisstefna

- commercial liberalism (alþjóðasamskipti)
- kenning sem heyrir undir *nýfrjálslynda stofnanahyggju* og leggur áherslu á að frjálst, kapítalískt markaðshagkerfi sé leiðin til friðar og hagsældar

marxismi

- Marxism
- hugmyndafræði og heimssýn sem kennd er við heimspekinginn Karl Marx og felst í grófum dráttum í baráttu fyrir félagslegum réttindum lægri stétta og ádeilu á efnishyggju og *kapítalisma*
- sjá einnig: *gagnrýnikenningar*, *söguleg efnishyggja*

megindleg rannsókn

- quantitative research (félagsvísindi)
- rannsóknaraðferð sem felst í því að félagslegur veruleiki er skoðaður með því að mæla hann og skrá með tölum
- Megindlegar rannsóknir felast í því að rannsóknaraðferðum raunvísinda er beitt á viðfangsefni félagsvísinda.

meginregla um bann við afskiptum

- non-intervention
- sú hefð *ríkja/alþjóðasamfélagsins* að hlutast ekki til um innanríkismál fullvalda ríkja nema í ýtrustu neyð

miðstýring

- centralisation
- önnur stafsetning: centralization (opinber stjórnsýsla)
- sambjöppun yfirvalds, þ.e. það þegar ákvarðanatökuvald safnast á fárra hendur í *ríkisstjórnunum* eða *stofnunum* (andstæða við *dreifstýringu*)

milliríkja-

- (1) interstate
- á milli ríkja eða, þar sem það á við, fylkja
- (2) intergovernmental

sem varðar samskipti *ríkisstjórna* fyrir hönd *ríkja*

Dæmi: milliríkjastarf

milliríkjahyggja

- intergovernmentalism (Evrópufræði)
- samrunakenning* sem byggist á hugmyndafræði *raunhyggju* og sett var fram sem mót-svar við *nývirknihyggju* þegar hægja fór á *Evrópusamrunanum*

mjúkt vald

- soft power (alþjóðasamskipti)
- vald* sem felst í hæfni *ríkja* til þess að hafa áhrif á val og/eða vilja annarra með því að beita t.d. jákvæðum þrýstingi og stuðla að uppbyggilegum samskiptum og landkynningu
- sjá einnig: *hart vald*

mótunarhyggja

- constructivism
- samheiti: social constructivism (alþjóðasamskipti)
- kenning byggð á félagslegri *þekkingarfræði* sem skoðar hvernig einstaklingur öðlast þekkingu á grundvelli þess sem hann lærir og upplifir
- Mótunarhyggja og afleiddar kenningar eiga það sammerkt að álíta að félagslega mótaðar hugmyndir og *gildi* móti *formgerð* *alþjóðakerfisins* og að sú formgerð sé á sama hátt mótandi afl í sjálfsmyndarsköpun, hagsmunamati og *utanríkisstefnu ríkja*.

N**neo-neo umræðan**

- neo-neo debate (alþjóðasamskipti)
- umræður sem fram fóru meðal (bandarískra) fræðimanna á 9. og 10. áratug síðustu aldar og snerust um snertifleti *nýfrjálslyndrar stofnanahyggju* og *nýraunhyggju*

núllsumma

- zero-sum

(stjórn málafræði)

aðstæður þar sem aðili getur einungis farið með sigur af hólmi ef mótherji hans tapar

Samkvæmt núllsummu í *alþjóðasamskiptum* eru *völd* og auðlindir fastar stærðir svo eina leiðin fyrir *ríki* til þess að bæta hag sinn er að gera svo á kostnað annars ríkis. sjá einnig: *algildur ávinningur*, *leikjafræði*, *plússumma*

nýfrjálslyndisstefna

- neoliberalism

(alþjóðasamskipti)

kenning sem telur að leið *ríkja* til friðar og hagsældar sé fólgin í *samlegð* auðlinda og jafnvel framsali hluta *fullveldis* þeirra til sameiginlegra og/eða *yfirþjóðlegra stofnana*

Hafa skal hugfast að þessi skilgreining á einungis við í *alþjóðasamskiptum*; í umræðu um efnahagsmál útleggst neoliberalism sem nýfrjálslyndisstefna og hefur aðra merkingu.

nýfrjálslynd stofnanahyggja

- neoliberal institutionalism

(alþjóðasamskipti)

sjá: *nýfrjálslyndisstefna*

nýgramskískar kenningar

samheiti: gramskískar kenningar

- Neo-Gramscianism

samheiti: Gramscianism

(alþjóðasamskipti)

hópur kenninga sem leggja út af *marxískri* hugmyndafræði Antonio Gramsci og byggjast á hugmyndum um *stigveldi* og hvernig ráðandi öfl í *samfélögum* fara með hugmyndafræðilegt forræði, og þar með *vald*, yfir almúganum

nýklassísk raunhyggja

- neoclassical realism

kenning sem leitast við að aðlaga *raunhyggju* að samtímanum og á það sameiginlegt með *nýraunhyggju* að viðurkenna vægi samfélagslegra *formgerða* í samskiptum *ríkja* en heldur sig að öðru leyti við hefðbundnari hugmyndafræði raunhyggjunnar

nýlendustefna

- colonialism

(alþjóðasamskipti)

utanríkisstefna sem þróaðist út frá *heimsvaldastefnu* og felst í því að valdamikið *ríki* kastar eign sinni á erlent landsvæði og fer þar með yfirstjórn

Arðrán, kúgun og harðræði eru algengir fylgifiskar nýlendustefnu sem áður fyrr fólst einkum í því að vestræn *ríki* sölsuðu undir sig svæði í öðrum heimshlutum.

nýraunhyggja

samheiti: formgerðarraunhyggja

- neo-realism

samheiti: structural realism

(alþjóðasamskipti)

kenning sem byggist á skrifum Kenneth Waltz um áhrif *formgerða alþjóðakerfisins* á hegðun *ríkja*, þ.e. áhersla er lögð á formgerðina fremur en einstaka einingar (*ríki*) innan heildarinnar sjá einnig: *raunhyggja*

nýsvæðavæðing

- respatialisation

önnur stafsetning: respatialization

það að heimsskipan riðlast og ný svæði verða til

Sumir fræðimenn halda því fram að *hnattvæðing* felist einkum og sér í lagi í nýsvæðavæðingu.

nývirknihyggja

- neo-functionalism

(alþjóðasamskipti)

samrunakenning sem byggist á *virknihyggju* en var sett fram sérstaklega í þeim tilgangi að útskýra *Evrópusamrunann* á 20. öld

Nývirknihyggjusinnar halda því fram að *víxlverkun* sé drifkrafturinn að baki Evrópusamrunanum og það leiði til þess að hann risti æ dýpra.

O**oddaveldi**

- hegemony

(stjórn málafræði)

valdamikið *ríki* eða ríkjasamband sem fer með forystu eða yfirráð innan ríkjasam-

banda eða í samskiptum við önnur ríki

Dæmi um oddaveldi eru t.d. Bretland á 19. öld og Bandaríkin í kjölfar seinni heimsstyrjaldar.

sjá einnig: *kenning um oddaveldisstöðugleika*

opinber

samheiti: almenningss-

- public
- sem tilheyrir *samfélaginu* og allir hafa aðgang að

orðræða

- discourse

(félagsvísindi)

sérhæfður orðaforði sem notaður er til þess að koma formlegu skipulagi á hugmyndir, þekkingu og reynslu sem á rætur í tungumálinu

Hugtakið er allvíðfeðmt og hefur á síðustu árum öðlast viðurkenningu sem eitt af lykilhugtökum í hug- og félagsvísindum þrátt fyrir að deilt sé um nákvæma skilgreiningu þess.

Ó

ógn

- threat

yfirvofandi hætta sem stefnir tilvist eða *hagsmunum* í voða

ósamhverf hnattvæðing

- asymmetric globalisation
- önnur stafsetning: asymmetric globalization

hnattvæðing sem dreifist ekki jafnt um heiminn en slík misskipting hefur bæði félagslegar og efnahagslegar afleiðingar

ósamhverfur hernaður

- asymmetric warfare

(öryggismálafræði)

það þegar aðilar beita ólíkum aðferðum í *átökum* eða *stríði* eða berjast á ójöfnum grundvelli

Hryðjuverk og skæruhernaður sem mótsvar við hefðbundari hernaðaraðgerðum eru dæmi um ósamhverfan hernað.

P

plússumma

- positive-sum
- samheiti: non zero-sum (stjórn málafræði)

aðstæður þar sem báðir/allir aðilar geta bætt hag sinn og þar með unnið

sjá einnig: *núllsumma*, *algildur ávinningur*, *leikjafræði*

póstmodernismi

- postmodernism
- (alþjóðasamskipti)

kenning sem byggist á efahyggju og gagnrýni á ríkjandi viðhorf til *alþjóðasamskipta* og *samfélagsins* í heild

R

rannsóknarrammi

- paradigm
- (félagsvísindi)

viðurkennd hugmyndafræðileg umgjörð sem mótar heimssýn einstaklinga og hefur áhrif á rannsóknarverkefni og stjórnunarstefnu

raunhyggja

- realism
- samheiti: classical realism

(alþjóðasamskipti)

kenning sem byggist á þeirri hugmyndafræði að samskipti *ríkja* einkennist af baráttu um *völd*, *hagsmuni* og *hlutfallslegan* ávinning í stjórnlausum heimi

Raunhyggja telst til grunnkenninga í *alþjóðasamskiptum*.

raunsæisstjórnsmál

- realpolitik (þýska)
- stjórnsmál* sem lúta að afmörkuðum, viðráðanlegum viðfangsefnum

Er ósjaldan ruglað saman við *valdastjórnsmál*.

sjá einnig: *raunhyggja*

ráðherra

- minister
- stjórnsmálamaður sem á sæti í *ríkisstjórn* og stýrir *ráðuneyti*

sjá einnig: *forsætisráðherra*

ráðherraráð Evrópusambandsins

samheiti: ráð Evrópusambandsins

- Council of the European Union
- undirstofnun *Evrópusambandsins* þar sem *ráðherrar* í aðildarríkjunum koma saman en viðfangsefnið ákvarðar hvaða ráðherra skuli taka þátt fyrir hönd hvers *ríkis*

Þegar leiðtogar aðildarríkja koma saman nefnist það *leiðtogaráð Evrópusambandsins*.

ráðuneyti

- ministry
- stjórnardeild tiltekinna málaflokka sem eru á ábyrgð *ríkisstjórnar* og leidd af viðeigandi *ráðherra*

reglugerð

- regulation
- (Evrópufræði)
- Evrópusambandslöggjöf* sem tekur samstundis gildi í aðildarríkjunum án þess að hana þurfi að innleiða sérstaklega í landsrétt

reynsluvísindi

- empiricism
- sem er byggður á reynslu, raunverulegum athugunum eða tilraunum en ekki á fræðilegum skýringum eða tilgátum

ríki

- state
- tiltekið byggt landsvæði með föstu stjórnskipulagi

ríkisborgararéttur

- citizenship
- lögformlegur réttur *ríkisborgara* til búsetu og verndar af hálfu *ríkis*

ríkisborgari

- citizen
- fullgildur, lögformlegur borgari í *ríki*
- sjá einnig: *ríkisborgararéttur*

ríkiserindrekstur

- diplomacy
- Það að sinna erindrekstri *ríkisins* á alþjóðavettvangi, oftast í gegnum utanríkisþjónustu

ríkisstjórn

- government
- hópur skipaður *ráðherrum* í því skyni að fara með daglega æðstu stjórn *ríkis*

ríkjaráðstefna

- intergovernmental conference
- (Evrópufræði)
- vettvangur þar sem undirbúningsvinna og samningsferli fyrir uppfærslu á sáttmála *Evrópusambandsins* fer fram og aðildarviðræður við umsóknarríki eru formlega hafnar

rökhyggja

- rationalism
- (alþjóðasamskipti)
- kenningarfræðileg nálgun sem beitir rökvísu vali og aðferðum *vissuhyggju*

rökræn stofnanahyggja

- rational institutionalism
- samheiti: rational choice institutionalism
- (alþjóðasamskipti)
- kenningarfræðileg nálgun sem gerir ráð fyrir því að *gerendur* kjósi stundum að vinna saman á vettvangi sameiginlegra *stofnana* vegna gagnkvæms ávinnings þrátt fyrir að slíkt geti haft viss stjórnmalaleg höft í för með sér

S

sambandsríkjahyggja

- federalism
- (alþjóðasamskipti)
- hugmyndafræði og *samrunakenning* sem byggist á því að *yfirþjóðlegar*, *miðstýrðar* og sameiginlegar *stofnanir* taki við af *ríkjum* sem æðsta vald í pólitískum og samfélagslegum málum

Sambandsríkjahyggja berst fyrir samþættingu valds á hinu yfirþjóðlega sviði sem svo hefði umsjón með útteilingu *valds* til smærri eininga á lægri stigum.

sameiginlegt öryggi

- collective security
- (öryggismálafræði)
- grunnildi í ýmsum varnarbandalögum sem felur í sér að árás á eitt aðildarríki teljist vera árás á þau öll

Dæmi: *Atlantshafsbandalagið (NATO)*

Sameinuðu þjóðirnar (SP)

- United Nations (UN)

alþjóðleg samtök skipuð flestum *fullvalda* ríkjum heims, stofnuð árið 1945 af sigurvegurum seinni heimsstyrjaldarinnar í von um að koma í veg fyrir *stríð* og til þess að vinna að efnahags- og félagslegum umbótum

Sameinuðu þjóðirnar starfa víðs vegar um heim á grunni sex meginstofnana: allsherjarþings, öryggisráðs, efnahags- og félagsmálaráðs, aðalskrifstofu og alþjóðadómstóls, auk svo til úrelts gæsluverndarráðs.

samfélag

- community
- stór eða smár hópur fólks sem býr á sama stað og deilir gjarnan lífnaðarháttum og viðhorfum til heildarinnar

samfélagsleg öryggismál

- soft security
- (öryggismálafræði)
- öryggismál *ríkja* í víðu samhengi, þ.e. allt sem ekki telst til *hernaðarlegra öryggismála*

Dæmi: Skipulögð glæpastarfsemi, umhverfisvandamál og efnahagslegur óstöðugleiki

Samfylkingin

- Social Democratic Alliance
- íslenskur stjórnmálaflokkur (2000–)

samlegð

- pooling
- (stjórnmálafræði)
- það þegar eitthvað er sameinað til hagræðingar eða til að auka notagildi þess
- Samlegð fjármuna er til að mynda nokkuð algeng í *þróunarsamvinnu*.

samningur um Evrópska efnahags-svæðið

- samheiti: EES-samningurinn
- Agreement on the European Economic Area
- samheiti: EEA agreement
- milliríkjasamningur í gildi frá árinu 1994 á milli EFTA-ríkjanna (Íslands, Liechtenstein

og Noregs en Sviss hafnaði aðild í þjóðar- atkvæði) og *Evrópusambandsins* sem veitir EFTA-ríkjunum fullan aðgang að innri markaði ESB í skiptum fyrir innleiðslu viðeigandi *Evrópusambandslöggjafar*

Samningurinn nær ekki yfir fiskveiði og landbúnað í EFTA/EES-ríkjunum.

sjá einnig: *fjórfrælsi*, *Fríverslunarsamtök Evrópu*

samrunakenning

- integration theory
- (alþjóðasamskipti)
- kenning sem fjallar um pólitískan, félagslegan eða efnahagslegan *samruna*

Sambandsríkjahyggja, *virknihyggja*, *nývirknihyggja*, *samskiptahyggja*, *milliríkjahyggja* og *frjálslynd milliríkjahyggja* eru dæmi um samrunakenningar.

samruni

- samheiti: samþætting
- integration
- (alþjóðasamskipti)
- það þegar gerendur (gjarnan *ríki*), tveir eða fleiri, renna sjálfviljugir saman í pólitískt samfélag
- sjá einnig: *samrunakenning*, *Evrópusamruni*

samskiptahyggja

- transactionalism
- (alþjóðasamskipti)
- samrunakenning* sem skoðar samrunaþróun út frá félagslegum þáttum og orsökum í stað þess að einblína einungis á stjórnmálalega og efnahagslega áhrifavalda

samtök

- association
- formlegur félagsskapur sem stofnað er til í ákveðnum tilgangi, s.s. til að vinna að hagsmunamálum

Dæmi: Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) eru dæmi um ólík samtök.

Samtök um kvennalista

- samheiti: Kvennalistinn
- Women's List
- íslenskur stjórnmálaflokkur (1983–1999)

samvinna

- cooperation

það þegar tveir eða fleiri aðilar taka höndum saman til þess að vinna að málum þar sem allir hafa hag af sameiginlegum aðgerðum

sáttmáli

samheiti: milliríkjasáttmáli

- treaty

formlegur samningur milli tveggja eða fleiri ríkja sem varðar alþjóðleg málefni, svo sem frið, bandalög eða verslun og viðskipti

sendinefnd

- delegation

nefnd sem kemur fram fyrir hönd einhvers t.d. ríkisstjórnar, fyrirtækis eða samtaka

sérstöðuhbyggja

- exceptionalism
(alþjóðasamskipti)

utanríkisstefna sem einkennist af þeirri trú að eigið ríki sé að einhverju leyti einstakt og því undanskilið alþjóðalögum sem öðrum beri þó að hlíta

Önnur einkenni á þessari utanríkisstefnu eru hugsjónastríð sem ætlað er að „frelsa“ utanaðkomandi aðila og sú trú að að steðji ákveðnar alheimsógnir. Sem dæmi um þessa stefnu mætti nefna utanríkisstefnu Bandaríkjanna í kjölfar hryðjuverkaárásanna árið 2001.

sértækur

samheiti: sérsniðinn

- ad hoc (latína)
(stjórnmalafraeði)

sem komið hefur verið á fót í sérstökum tilgangi

síðnýlendustefna

samheiti: eftirlendustefna

- postcolonialism
(alþjóðasamskipti)

kenning sem hafnar því að evrópumíðaðar stjórnmalakenningar séu til þess fallnar að útskýra heimsstjórnmalin heldur séu þær líklegri til þess að réttlæta hernaðar- og efnahagslega yfirburði norðursins á kostnað hins undirokaða suðurs.

Síðnýlendustefna þróaðist upphaflega meðal fræðimanna í fyrrverandi nýlendu- ríkjum og öðrum kúguðum hópum í

alþjóðasamfélaginu og fékk byr undir báða vængi í fræðunum í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 2001.

síðvissuhbyggja

- post-positivism
(alþjóðasamskipti)

yfirheiti yfir kenningar sem byggjast á því að raunveruleikinn sé ekki meitlaður í stein heldur huglægur og félagslega mótaður

Gagnrýnikenningar eru dæmi um síðvissuhbyggjukenningar.

sjá einnig: *vissuhbyggja*

síðþjóðernishbyggja

- postnationalism

það þegar þjóðernishbyggja og sameiginleg sjálfsmynd borgara færast frá þjóðríkinu yfir til yfirþjóðlegra og/eða hnattrænna eininga

Oft er rætt um þróun *Evrópusambandsins* og evrópskrar samkenndar í þessu tilliti.

síðþjóðlegur

- postnational

sem varðar þá þróun sem felst í yfirfærslu valds frá landsstigi til yfirþjóðlegra stofnana, og þá víðtæku samfélagslegu breytingu sem hún hefur í för með sér

sjálfsmynd

samheiti: samsemd

- identity
(félagsvísindi)

persónuleg og félagsmótuð skynjun á eigin högum og eiginleikum, hvort sem um ræðir einstakling, stofnun eða jafnvel ríki

sjálfsstjórn

samheiti: sjálfsforræði

- autonomy

skilyrt sjálfstæði ríkis eða svæðis sem felst í því að það ræður yfir eigin málum en endanlegt yfirvald liggur þó enn hjá því ríki eða svæði sem veitti því réttinn til sjálfsstjórnar

sjálfstæði

- independence

það að ríki eða svæði fari með fullt pólitískt forræði yfir eigin högum

Lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944 og varð þar með að fullu sjálfstætt ríki.

Sjálfstæðisflokkurinn

- Independence Party
íslenskur stjórnmálaflokkur (1929–)

skilyrt skynsemi

- bounded rationality
(alþjóðasamskipti)
kenning um hegðun *gerenda* í samninga-
viðræðum sem byggist á því að gerendur
hagi sér einungis eins rökrétt og aðrir þættir
en eðlislæg skynsemi þeirra leyfa, t.d. raun-
verulegur skilningur og þekking á viðfangs-
efninu, tímarammi og ytri aðstæður

Kenning um skilyrta skysemi var sett fram
sem svar við kenningu um *alhliða skyn-
semi*.

skuldbinding

- commitment
(stjórnmálafræði)
pólítískt loforð sem *ríki* gefa sjálfviljug

skylda

- samheiti: kvöð
• obligation
(stjórnmálafræði)
pólítísk skylda sem *ríki* eiga engra annarra
kosta völ en að uppfylla
sjá einnig: *alþjóðalög*

skynsamur gerandi

- rational actor
(alþjóðasamskipti)
gerandi í *stjórnmálum* og á alþjóðlegum
vettvangi sem er skynsamur að upplagi og
hegðar sér þ.a.l. rökrétt
sjá einnig: *líkan um skynsaman geranda*

skynsemi

- rationality
samheiti: rökrétt hugsun
sá hæfileiki að geta beitt röklegri hugsun og
metið aðstæður hverju sinni

sóknarraunhyggja

- offensive realism
kenning sem gerir ráð fyrir því að *ríki* leitist
ávallt við að tryggja *öryggi* sitt með því að
hámarka eigið *vald* og hiki ekki við að taka
frumkvæði og beita hörku ef þörf krefur
sjá einnig: *raunhyggja, varnarraunhyggja*

Sósíalístaflokkurinn

- samheiti: Sameiningarflokkur alþýðu –
Sósíalístaflokkurinn
- Socialist Unity Party
íslenskur stjórnmálaflokkur (1938–1968)

stefna

- samheiti: stefnumál
- policy
áætlun og/eða aðgerðir sem ákvörðun er
tekin um að fylgja, oft til þess að ná fyrir-
framákvörðuðu takmarki

Í stjórnmálafræði lýsir hugtakið gjarnan
víðtækri aðgerðaáætlun sem lögð er fram
á æðstu stigum *stjórnsýslunnar* til að gera
grein fyrir almennum markmiðum og
vinnulagi innan hennar.

sjá einnig: *stefnugreining, stefnumótun,
stefnumörkun, stefnuhönnun, stefnumyndun,
stefnurek, innleiðing stefnu, dagskrársetning*

stefnugreining

- policy analysis
(stefnumótunarfræði)
athugun á einstökum þáttum *stefnu*
Stefnugreining getur átt sér stað hvenær
sem er við *stefnumyndun*.

stefnuhönnun

- policy design
(stefnumótunarfræði)
það stig *stefnumyndunar* þegar opinber
stefna er mótuð

stefnumótun

- policy formulation
(stefnumótunarfræði)
vinnuferli sem á sér stað við *stefnumyndun*,
kemur á undan (og stundum líka á eftir)
formlegri *stefnumörkun*

stefnumyndun

- policy making
(stefnumótunarfræði)
yfirheiti yfir það heildarferli sem myndun á
stefnu felur í sér

stefnumörkun

- policy direction
(stefnumótunarfræði)
ákvörðun um *stefnu* sem ríkisvaldið tekur
byggt á afrakstri *stefnumótunar*

stefnurek

- policy drift
(stefnumótunarfræði)
aðstæður sem geta myndast þegar formleg *stefnumörkun* er ekki fyrir hendi og *innleiðing stefnu* er veik

Stefnurek eykur möguleika á því að hagsmunaaðilar komist til of mikilla áhrifa.

stigveldi

- hierarchy
virðingarröð sem er félagslega mótuð

stjórnarfar

- regime
(stjórn málafræði)
tegund *ríkisstjórnar* eða annars konar yfirstjórnar í *ríki*

Vert er að hafa í huga að hugtakið regime getur breytt um merkingu eftir samhengi, sbr. *alþjóðlegt regluverk*.

stjórnarfarsleg heild

- polity
samheiti: stjórnarfar, stjórnarhættir
stjórn mála eining sem lýtur (ríkis)stjórn

stjórnarskrá

- constitution
lagabálkur sem kveður á um grunngildi og -reglur *fullvalda ríkis*

stjórnleysi

- anarchy
(alþjóðasamskipti)
skortur á pólitísku yfirvaldi í *alþjóðakerfinu*

Raunhyggjusinnar byggja kenningar sínar að miklu leyti á því stjórnleysi sem þeir álíta að ríki í alþjóðakerfinu og víðtækum áhrifum þess.

stjórnsmál

- politics
hvers kyns málefni er varða rekstur og starfsemi þjóðfélagsins, einkum það sem ekki er þegar ákveðið með lögum og reglugerðum

stjórnskipuleg þjóðrækni

- constitutional patriotism
(stjórn málafræði)
sú hugmyndafræði að pólitísk samstaða, *ríkisborgararéttur* og stjórnarskrárbundin

réttindi sé það sem skapi samkennd og tengi fólk innbyrðis en ekki þættir eins og sameiginleg saga eða etniskur uppruni
sjá einnig: *þjóðernishyggja*, *síðþjóðernishyggja*

stjórnsýsla

- administration
öll sú starfsemi sem lýtur að því að framfylgja *stefnu* stjórnvalda hverju sinni

stjórnunarhættir

- governance
það hvernig einhverju er stýrt
sjá einnig: *hnattræn stjórnun*

stofnanahyggja

- institutionalism
(alþjóðasamskipti)
hópur kenninga sem byggist á greiningu á *formgerðum*, hlutverkum og áhrifum *stofnana*
sjá einnig: *stofnanavæðing*

stofnanavæðing

- institutionalisation
önnur stafsetning: institutionalization
það þegar *stofnunum* á vegum *ríkisins* er komið á fót til þess að samræma og framfylgja *stefnu* í tilteknum málaflökum

stofnun

- institution
fyrirtæki eða annars konar skipulögð starfsemi, opinber eður ei, sem yfirleitt starfar í þágu *almennings* á einhvern hátt

Dæmi: Alþjóðabankinn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru dæmi um ólíkar stofnanir.

stórveldi

- empire
samheiti: heimsveldi
víðlent og völdugt *ríki* eða safn ríkja undir einni stjórn
sjá einnig: *nýlendustefna*, *heimsvaldastefna*

stríð

- war

stríðsglæpir

- war crimes
glæpir sem brjóta gegn alþjóðlegum *sáttmálum* um hegðun í *stríði*

söguleg efnishyggja

- historical materialism (stjórn málafræði) hugmyndafræði byggð á *marxisma* þar sem stéttabarátta, dreifing efnislegra gæða og framleiðsluhættir eru talin móta *samfélög* og viðtekin gildi hverju sinni sjá einnig: *gerendahæfni*, *formgerð*

söguleg stofnanahyggja

- historical institutionalism (stjórn málafræði) kenningarfræðileg nálgun sem rýnir í og greinir þróun *stjórn mála* með hliðsjón af *stofnanavæðingu* í *samfélaginu* byggt á þeirri trú að myndun og þróun hvers kyns *stofnana* hafi marktæk áhrif á samfélagslegar breytingar og ákvarðanatöku á pólitískum vettvangi sjá einnig: *stofnanavæðing*

T**takmörkun á útbreiðslu gereyðingarvopna**

- nonproliferation (öryggismálafræði) það þegar takmörk eru sett fyrir vörslu og magni *gereyðingarvopna* og getu til að framleiða þau

takmörkun vopna

- arms control (öryggismálafræði) viðleitni á alþjóðavettvangi til að hemja vopnaþróun, getu vopna og notkun þeirra sjá einnig: *takmörkun á útbreiðslu gereyðingarvopna*, *afvopnun*

tengslanet

- samheiti: samtök
- network hvers kyns vettvangur til samskipta sem einstaklingar og/eða *samtök* nota til þess að skiptast á upplýsingum og mynda innbyrðis tengsl í einhverjum tilgangi

Oft getur verið erfitt að greina á milli tengslaneta og *frjálsra félagasamtaka* en þau síðarnefndu eru gjarnan formlegri en þau fyrri.

tilmæli

- recommendation (Evrópufræði) *Evrópusambandslöggjöf* sem ekki er bindandi heldur áeggjan til þeirra sem hún beinist að

tilskipun

- directive (Evrópufræði) *Evrópusambandslöggjöf* sem er bindandi fyrir aðildarríkin þannig að uppfylla verður markmiðin en þau ákveða sjálf með hvaða hætti það er gert

túlkunarfræði

- hermeneutics fræðileg nálgun sem felur í sér að túlka viðfangsefnið frekar en að mæla það samkvæmt aðferðum raunvísinda

tvíhliða

- bilateral (alþjóðasamskipti) sem varðar það þegar aðilar í tveimur *ríkjum* verða ásáttir um einhvers konar samstarf Dæmi: tvíhliða samningur

tvípóla kerfi

- bipolarity (alþjóðasamskipti) það þegar valddreifing í *alþjóðakerfinu* skiptist að mestu á milli tveggja *ríkja* eða ríkjasambanda Á tímum kalda stríðsins var alþjóðakerfið t.d. tvípóla þar sem völdin skiptust að mestu á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. sjá einnig: *margpóla kerfi*, *einpóla kerfi*

U**umboðsveiting**

- delegation (opinber stjórnsýsla) ein tegund *dreifstýringar*, yfirleitt notað um veitingu umboðs ríkisvalds til svæðisbundinna *stofnana* sem gjarnan njóta nokkurs sjálfstæðis

umdæmavæðing

- regionalisation

önnur stafsetning regionalization
það þegar ákvarðanatökuvald er í auknum mæli fært til smærri stjórnsýslueininga frá hinum stærri

Umdæmavæðing getur einnig vísað til aukins *víxlhæðis* nágrannaríkja, s.s. innan *Evrópusambandsins*.

umræðulyðræði

samheiti: rökræðulyðræði

- deliberative democracy
samheiti: discursive democracy
stjórnarfar þar sem ákvarðanatöku byggist á niðurstöðum samræðna á milli borgara og yfirvalda frekar en á kosningum eingöngu
sjá einnig: *lýðræði*

undirþjóðlegur

- subnational
sem er á lægra stjórnsýslustigi en *landsstigi*
Dæmi: undirþjóðleg samtök

utanríkisstefna

- foreign policy
stefna ríkis í ytri málefnum sínum

Ú

útlendingahatur

- samheiti: útlendingahræðsla
- xenophobia

V

vald

- samheiti: máttur
- power
(stjórnmálafræði)
hæfni og geta *geranda* á pólitískum vettvangi til þess að ná fram markmiðum sínum

valdaframsal

- devolution
(opinber stjórnsýsla)
ein tegund *dreifstýringar*, yfirleitt notað um framsal valds frá *miðstýrðu* ríkisvaldi til svæðisbundinna *stofnana* sem oft njóta töluverðs sjálfstæðis hvort sem þær eru í einka- eða ríkiseigu

valdajafnvægi

- balance of power
(alþjóðasamskipti)

það að stöðugleiki sé í samskiptum *ríkja* sem byggist á hlutfallslegu *valdi* þeirra og stöðu í *alþjóðakerfinu*

Valdajafnvægi er grundvallarhugtak í *raunhyggju* og afleiddum kenningum.

valdastjórnmál

- power politics
stjórnmál sem iðkuð eru undir hugmyndafræðilegum áhrifum *raunhyggju*
Er ósjaldan ruglað saman við *raunsæis-stjórnmál*.

valþröng fangans

- samheiti: fangaklemma
- prisoner's dilemma
(stjórnmálafræði)
valþröng sem sýnir fram á hvernig tveir *gerendur* munu hugsanlega ekki vinna saman þrátt fyrir að það þjóni sameiginlegum *hagsmunum* þeirra

Valþröng fangans er eitt þekktasta dæmi *leikjafræðinnar*.

varnarraunhyggja

- defensive realism
(alþjóðasamskipti)
kenning sem gerir ráð fyrir því að *ríki* leitist ávallt við að hámarka eigið *öryggi* með því að tryggja *varnir* ríkisins gegn *stjórnsýslu* í *alþjóðakerfinu*

varnir

- samheiti: varnaraðgerðir
- defense
önnur stafsetning: defence
takmarkaðir bjargir (*ríkis*) gegn árás

vegalaust fólk innan eigin ríkis

- internally displaced person (IDP)
einstaklingur sem hefur yfirgefið heimili sitt til þess að forðast *stríð* eða aðrar *ógnir* en hefur ekki flúið land
sjá einnig: *flóttamaður*

veikt ríki

- weak state
ríki sem hefur skerta getu sökum veiklaðra innviða sem leiðir óhjákvæmilega til óstöðugleika

Flest *þróunarríki* falla undir skilgreiningu á veiku ríki en þó greinir fræðimenn á um nákvæma skilgreiningu hugtaksins.

verufræði

- ontology
sú grein heimspeki sem fjallar um tilveru hluta
sjá einnig: *kenning*

Vinstri hreyfingin – grænt framboð

- Left-Green Movement
íslenskur stjórnmálaflokkur (1999–)

virknihyggja

- functionalism
(alþjóðasamskipti)
hugmyndafræði og *samrunakenning* sem byggist á þeirri trú að alþjóðleg *samvinna* sé möguleg í efnahagslegum og samfélagslegum málaflokkum og að þaðan megi smám saman dýpka hana í átt að samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála

Yfirþjóðleg samrunaþróun er ekki markmið í sjálfu sér, líkt og í *sambandsríkja-hyggju*, heldur tæki til þess að mæta afmörkuðum viðfangsefnum sem betur eigi heima á slíkum vettvangi en hjá *ríkjum* sjálfum. Áhersla er lögð á breytilegar þarfir borgara og ríkisreksturs og því eru virknihyggjusinnar hlyntir því að *formgerð (alþjóða)stofnana* fái að þróast eftir þörfum hverju sinni (e. form follows function).

vissuhyggja

- positivism
(alþjóðasamskipti)
yfirheiti yfir kenningar sem byggjast á því að mögulegt sé að sjá og skynja raunveruleikann eins og hann er og leggja út af honum á þeim forsendum

Raunhyggja og *frjálslyndisstefna* eru dæmi um vissuhyggjukenningar.

sjá einnig: *síðvissuhyggja*

víxlhæði

- samheiti: gagnhæði
- interdependence
það að aðilar eru háðir hvor öðrum, t.d. um afkomu eða samstarf

víxlverkun

- spillover
(stjórnmálafræði)
það þegar *samruni* á einu sviði þrýstir á

samruna á því næsta

Víxlverkun er lykilhugtak í *nývirkni-hyggju*.

Y**yfirráðasvæði**

- territory

yfirsvæði

- supraterritoriality
órætt svæði þar sem samskipti og félagsleg tengsl eiga sér stað óháð landfræðilegri staðsetningu

Facebook er dæmi um yfirsvæði.

yfirþjóðlegur

- samheiti: yfirríkja-
• supranational
(alþjóðasamskipti)
sem er ofar, eða æðri, *ríkjum*

ytra fullveldi

- external sovereignty
sá hluti *fullveldis* sem nær til ytri áhrifa *ríkis*, þ.e. réttar þess og getu til þess að láta til sín taka fyrir utan eigin ríkjamörk

Aðgreining fullveldishugtaksins í innra og ytra fullveldi endurspeglar breytt hagsmunamat ríkja í *alþjóðasamskiptum*.
sjá einnig: *innra fullveldi*

Þ**þáttökulýðræði**

- participatory democracy
stjórnarfar þar sem borgarar taka virkan þátt í mótun og framkvæmd *lýðræðis* í *ríkinu*, til að mynda fyrir tilstilli *borgaralegs samfélags* og/eða *frjálsra félagasamtaka*

þekkingarfræði

- epistemology
sú grein heimspeki sem fjallar um grundvöll, eðli og takmörk þekkingar

þing

- samheiti: löggjafarþing, þjóðþing
- parliament
(stjórnmálafræði)
löggjafarsamkoma ýmissa *ríkja*, yfirleitt kosin af *almenningi*

sjá einnig: *þingmaður*, *þingræði*

þingmaður

- member of parliament
samheiti: MP
einstaklingur sem kosinn hefur verið til setu á *þingi*

þingræði

- representative government
stjórnarfyrikomulag sem gerir *ráðherra* ábyrga fyrir (*þjóð*)*þingi* og felur í sér að *ríkisstjórn* styðjist við meirihluta *þingmanna* og fari frá völdum þegar meirihlutinn bregst

þingræðislýðveldi

- parliamentary republic
stjórnarfyrikomulag þar sem fjölskipuð *ríkisstjórn* fer með framkvæmdavald en *forseti* gegnir hlutverki *þjóðhöfðingja* en fer þó ekki með eiginlegt pólitískt *vald*

Ísland og Þýskaland eru dæmi um þingræðislýðveldi.

sjá einnig: *lýðveldi*

þjóð

- nation
stór hópur fólks sem á sér að jafnaði sameiginlegt tungumál og menningu, stundum sameiginlega sögulega arfleifð og minningar og býr oftast á samfelldu landsvæði við gagnkvæm innri viðskiptatengsl

þjóðar-

- samheiti: innlendur, landsbundinn
• national

þjóðarhagsmunir

- samheiti: landshagsmunir
• national interest
hvaðeina sem telst til *hagsmuna þjóðar*, lands eða *ríkis* og er gjarnan af efnahagslegum toga

Í *alþjóðasamskiptum* greinir fræðimenn á um hvort þeir séu fastir og fyrirframákveðnir (raunhyggjusinnar) eða huglægir og breytilegir (mótunarhyggjusinnar o.fl.).

þjóðarmorð

- genocide

þjóðerni

- það að tilheyra einhverri *þjóð*
• nationality
sjá einnig: *þjóðernishyggja*

þjóðernishyggja

- samheiti: þjóðerniskennd
• nationalism
hugmyndafræði sem lítur á *þjóðir* sem náttúrulegar einingar sem sameina hóp einstaklinga á grunni sameiginlegs tungumáls, landsvæðis, etnísks uppruna og/eða sögulegra minninga

þjóðfélag

- society
skipulagt *samfélag* manna sem mótast af tilteknum, og oft mismunandi, framleiðsluáttum
sjá einnig: *þjóð*

þjóðhverfa

- ethnocentrism
þjóðhverfur hugsunarháttur, þ.e. trú á yfirburði eigin þjóðernishóps

þjóðrækni

- patriotism
samheiti: ættjarðarást

þjóðríki

- nation-state
ríki þjóðar sem tekur fyrst og fremst til þess landsvæðis sem hún ein byggir

þróunaraðstoð

- development aid
samheiti: development assistance (þróunarfræði)
ríkisbundin aðstoð við *þróunarríki* í formi fjármuna eða annars konar framlaga

Nú á dögum hefur hugmyndin að baki þróunaraðstoð að miklu leyti vikið fyrir hugmyndinni um *þróunarsamvinnu*.

þróunarríki

- developing country
ríki sem stendur öðrum að baki um nýtingu náttúruauðlinda og lífskjör borgaranna

þróunarsamvinna

- development cooperation (þróunarfræði)
ríkisbundinn stuðningur, fjárhagslegur eða af öðrum toga, við *þróunarríki* sem felst

í sameiginlegum aðgerðum framlaga- og viðtökuríkis við uppbyggingu í því síðar-nefnda

sjá einnig: *þróunaraðstoð*

Þungamiðjukenning

samheiti: landskjarnakenning

- heartland theory

(alþjóðasamskipti)

landfræðipólitísk kenning sem ályktar að þjóð eða hópur sem ræður yfir ákveðinni landfræðilegri þungamiðju geti í krafti hennar sölsað undir sig mun umfangsmeira svæði

Þverþjóðahyggja

- transnationalism

(alþjóðasamskipti)

kenningarfræðileg nálgun sem kom fram á 8. áratug 20. aldar og hélt því fram að *ríki* væru ekki lengur einu áhrifamiklu *gerendurnir í alþjóðasamfélaginu*

Þverþjóðlegur

- transnational

hvers kyns starfsemi sem fer fram þvert á og án tillits til landamæra

Dæmi: þverþjóðlegt tengslanet

Ö

öryggi

- (1) safety

það að vera öruggur, einkum notað um velferð einstaklinga

- (2) security

það að vera öruggur, einkum með tilliti til varúðarráðstafana og/eða varna

sjá einnig: *öryggisvæðing*, *mannöryggi*

öryggismálafræði

- security studies

öryggisvæðing

- securitisation

önnur stafsetning: securitization

(öryggismálafræði)

það þegar nýir málaflokkar eru innlimaðir í umræðu um öryggismál, einkum öryggis- og varnarmál *ríkja*

Dæmi: Fæða getur verið öryggisvætt hugtak, sbr. nýyrðið fæðuöryggi.

öryggisviðfang

- referent object

(öryggismálafræði)

það hvers öryggi á að tryggja, t.d. *ríkis*, *hagsmuna*, fólks eða umhverfis

Femínískir fræðimenn leggja t.d. áherslu á önnur öryggisviðföng en þeir sem aðhyllast hugmyndafræði *raunhyggju*.

Ensk-íslensk orðaskrá

A

abolition

- afnám
(öryggismálafræði)
það þegar eitthvað er bannað með það fyrir augum að útrýma því
Dæmi: Bann við jarðsprengjum.

absolute gain

- algildur ávinningur
(alþjóðasamskipti)
ávinningur þar sem allir aðilar hagnast
Hugmyndin um algildan ávinning er ná-
tengd *plússummu* og er algeng í kenn-
ingum sem byggjast á hugmyndafræði
frjálslyndisstefnu til þess að lýsa hegðun
ríkja í *alþjóðakerfinu*.
sjá einnig: *relative gain*

actor

- gerandi
aðili (t.d. einstaklingur, *samtök*, *stofnun* eða
ríki) sem aðhefst eitthvað
sjá einnig: *agency*

ad hoc (latína)

- sértækur
samheiti: sérsniðinn
(stjórn málafræði)
sem komið hefur verið á fót í sérstökum
tilgangi

administration

- stjórnarsýsla
öll sú starfsemi sem lýtur að því að fram-
fylgja *stefnu* stjórnvalda hverju sinni

agency

- gerendahæfni
(félagsfræði)
geta einstaklinga til þess að taka sjálfstæðar
ákvarðanir og viðhalda gagnrýnni hugsun
Gerendahæfni og *formgerðir* í *samfélögum*
eru grunnhugtök í *marxisma* og tengdum
kenningum.

agenda-setting

- dagskrársetning
(stefnumótunarfræði)
það þegar ákveðið málefni eða málaflökkur
er formlega eða markvisst tekinn til umfjöll-

unar við *stefnumyndun*

Agreement on the European Economic Area

- samningur um Evrópska efnahagssvæðið
samheiti: EEA agreement
milliríkjasamningur í gildi frá árinu 1994 á
milli EFTA-ríkjanna (Íslands, Liechtenstein
og Noregs en Sviss hafnaði aðild í þjóðar-
atkvæði) og *Evrópusambandsins* sem veitir
EFTA-ríkjunum fullan aðgang að innri
markaði ESB í skiptum fyrir innleiðslu
viðeigandi *Evrópusambandslöggjafar*
Samningurinn nær ekki yfir fiskveiði og
landbúnað í EFTA/EES-ríkjunum.
sjá einnig: *four freedoms*, *European Free
Trade Association*

alliance

- bandalag
(öryggismálafræði)
samstarf byggt á sameiginlegum *hagsmun-*
um, yfirleitt af hernaðarlegum toga og gjarn-
an í tengslum við *varnir ríkja*
Atlantshafsbandalagið er dæmi um alþjóð-
legt varnarbandalag.

anarchy

- stjórnleysi
(alþjóðasamskipti)
skortur á pólitísku yfirvaldi í *alþjóðakerfinu*
Raunhyggjusinnar byggja kenningar sínar
að miklu leyti á því stjórnleysi sem þeir
álíta að ríki í alþjóðakerfinu og víðtækum
áhrifum þess.

arms control

- takmörkun vopna
(öryggismálafræði)
viðleitni á alþjóðavettvangi til að hemja
vopnaþróun, getu vopna og notkun þeirra
sjá einnig: *nonproliferation*, *disarmament*

army

- samheiti: military
• her

association

- samtök
formlegur félagsskapur sem stofnað er til í
ákveðnum tilgangi, s.s. til að vinna að hags-
munamálum

Dæmi: Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) eru dæmi um ólík samtök.

asymmetric globalisation

önnur stafsetning: asymmetric globalization

- ósamhverf hnattvæðing
hnattvæðing sem dreifist ekki jafnt um heiminn en slík misskipting hefur bæði félagslegar og efnahagslegar afleiðingar

asymmetric warfare

- ósamhverfur hernaður (öryggismálafræði)
það þegar aðilar beita ólíkum aðferðum í *átökum* eða *stríði* eða berjast á ójöfnum grundvelli

Hryðjuverk og skæruhernaður sem mót-svar við hefðbundnari hernaðaraðgerðum eru dæmi um ósamhverfan hernað.

autonomy

- sjálfsstjórn
samheiti: sjálfsforræði
skilyrt *sjálfstæði ríkis* eða svæðis sem felst í því að það ræður yfir eigin málum en endanlegt yfirvald liggur þó enn hjá því ríki eða svæði sem veitti því réttinn til sjálfsstjórnar

B

balance of power

- valdajafnvægi (alþjóðasamskipti)
það að stöðugleiki sé í samskiptum *ríkja* sem byggist á hlutfallslegu *valdi* þeirra og stöðu í *alþjóðakerfinu*

Valdajafnvægi er grundvallarhugtak í *raunhyggju* og afleiddum kenningum.

behaviouralism

- önnur stafsetning: behavioralism
- atferlishyggja (alþjóðasamskipti)
hugmyndafræði sem byggist á grunn-gildum *vissuhyggju* og þeirri trú að einungis rannsóknaraðferðir raunvísinda geti leitt til sannrar fræðilegrar þekkingar

Best Party

- Besti flokkurinn
íslenskur stjórn mála flokkur (2009–)

bilateral

- tvíhliða (alþjóðasamskipti)
sem varðar það þegar aðilar í tveimur *ríkjum* verða ásáttir um einhvers konar samstarf
Dæmi: tvíhliða samningur

bipolarity

- tvíþóla kerfi
samheiti: tvíþóla heimsskipan (alþjóðasamskipti)
það þegar valddreifing í *alþjóðakerfinu* skiptist að mestu á milli tveggja *ríkja* eða ríkjasambanda

Á tímum kalda stríðsins var alþjóðakerfið t.d. tvíþóla þar sem völdin skiptust að mestu á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

sjá einnig: *multipolarity*, *unipolarity*

bounded rationality

- skilyrt skynsemi (alþjóðasamskipti)
kenning um hegðun *gerenda* í samningaviðræðum sem byggist á því að gerendur hagi sér einungis eins rökrétt og aðrir þættir en eðlislæg skynsemi þeirra leyfa, t.d. raunverulegur skilningur og þekking á viðfangsefninu, tímarammi og ytri aðstæður

Kenning um skilyrta skysemi var sett fram sem svar við kenningu um *alhliða skynsemi*.

C

capitalism

- kapitalismi
samheiti: auðvaldshyggja, markaðshyggja (stjórn málafræði)
hagfræðileg hugmyndafræði sem telur að frjálst markaðshagkerfi með sem minnstum ríkisafskiptum sé leiðin til hagsældar

centralisation

- önnur stafsetning: centralization
- miðstýring (opinber stjórnsýsla)
samþjöppun yfirvalds, þ.e. það þegar ákvarðanatökuvald safnast á fárra hendur í *ríkisstjórnnum* eða *stofnunum* (andstæða við

dreifstýringu).

citizen

- ríkisborgari
fullgildur, lögformlegur borgari í *ríki*
sjá einnig: *citizenship*

Citizen's Movement

- Borgarahreyfingin
íslenskur stjórnmálaflokkur (2009–)

citizenship

- ríkisborgararéttur
samheiti: ríkisfang
lögformlegur réttur *ríkisborgara* til búsetu og verndar af hálfu *ríkis*

civil protection

- almannavarnir
(skipulagðar) *varnir almennings* þegar mikil hættu er á ferðum, t.d. vegna ófriðar eða náttúruhamfara

civil society

- borgaralegt samfélag
það þegar *almenningur* skapar sér vettvang til þess að fjalla um og vernda *hagsmuni* sína í umbótaskyni en hvorki til að græða á því né öðlast pólitísk völd
Birtist einkum í starfi *frjálsra félagasamtaka* en einnig í starfi hvers kyns *samtaka* og *tengslaneta* sem vinna í þágu bætts *samfélags*.

coast guard

- landhelgisgæsla
stofnun sem sér um að vernda *landhelgi ríkis*

collective goods theory

- samheiti: public goods theory
- kenning um almannagæði (alþjóðasamskipti)
kenning sem fjallar um alþjóðasamstarf sem lýtur að stýringu svæða og gæða í allra eigu, t.d. úthöfin, heimsskautin og lofthjúp jarðar
sjá einnig: *global governance*

collective security

- sameiginlegt öryggi (öryggismálafræði)
grunnildi í ýmsum varnarbandalögum sem felur í sér að árás á eitt aðildarríki teljist vera árás á þau öll

Dæmi: *Atlantshafsbandalagið (NATO)*

colonialism

- nýlendustefna (alþjóðasamskipti)
utanríkisstefna sem þróaðist út frá *heimsvaldastefnu* og felst í því að valdamikið *ríki* kastar eign sinni á erlent landsvæði og fer þar með yfirstjórn

Arðrán, kúgun og harðræði eru algengir fylgifiskar nýlendustefnu sem áður fyrr fólst einkum í því að vestræn ríki sölsuðu undir sig svæði í öðrum heimshlutum.

commercial liberalism

- markaðsfrjálslyndisstefna (alþjóðasamskipti)
kenning sem heyrir undir *nýfrjálslynda stofnanahyggju* og leggur áherslu á að frjálst, kapítalískt markaðshagkerfi sé leiðin til friðar og hagsældar

commitment

- skuldbinding (stjórnmálafræði)
pólitískt loforð sem *ríki* gefa sjálfviljug

community

- samfélag
stór eða smár hópur fólks sem býr á sama stað og deilir gjarnan lifnaðarháttum og viðhorfum til heildarinnar

comprehensive rationality

- alhliða skynsemi (alþjóðasamskipti)
kenning sem gerir ráð fyrir því að *gerendur* hegði sér á fyrirsjáanlega rökréttan hátt í samningaviðræðum til þess að hámarka ávinning sinn
sjá einnig: *bounded rationality*

conflict

- átök

constitution

- stjórnarskrá
lagabálkur sem kveður á um grunnildi og -reglur *fullvalda ríkis*

constitutional patriotism

- stjórnskipuleg þjóðrækni (stjórnmálafræði)
sú hugmyndafræði að pólitísk samstaða,

ríkisborgararéttur og stjórnarskrárbundin réttindi sé það sem skapi samkennd og tengi fólk innbyrðis en ekki þættir eins og sameiginleg saga eða etniskur uppruni sjá einnig: *nationalism, postnationalism*

constructivism

samheiti: social constructivism

- mótunarhyggja

(alþjóðasamskipti)

kenning byggð á félagslegri þekkingarfræði sem skoðar hvernig einstaklingur öðlast þekkingu á grundvelli þess sem hann lærir og upplifir

Mótunarhyggja og afleiddar kenningar eiga það samerkt að álíta að félagslega mótaðar hugmyndir og *gildi* móti *formgerð* alþjóðakerfisins og að sú formgerð sé á sama hátt mótandi afl í sjálfsmyndar-sköpun, hagsmunamati og *utanríkisstefnu* ríkja.

cooperation

- samvinna

það þegar tveir eða fleiri aðilar taka höndum saman til þess að vinna að málum þar sem allir hafa hag að sameiginlegum aðgerðum

core

- kjarni

(alþjóðasamskipti)

svæði innan alþjóðakerfisins þar sem mest völd liggja

Grunnhugtak í *heimskerfakenningu*.

cosmopolitanism

- heimsborgarahyggja

(alþjóðasamskipti)

kenning sem gefur til kynna samsömun við tiltekið *samfélag*, menningu eða hugsjón sem má finna þvert á landamæri eða félagsleg mörk

Heimsborgarahyggja leggur áherslu á frelsi frá staðbundnum og/eða þjóðernislegum höftum og stöðlum.

Council of Europe

samheiti: CoE

- Evrópuráðið

samevrópsk *stofnun* sem hefur það að markmiði að standa vörð um *mannréttindi* og *lýðræði* og stuðla að efnahagslegum og

félagslegum framförum í aðildarríkjunum

Council of the European Union

- ráðherraráð Evrópusambandsins
samheiti: ráð Evrópusambandsins
undirstofnun *Evrópusambandsins* þar sem *ráðherrar* í aðildarríkjunum koma saman en viðfangsefnið ákvarðar hvaða ráðherra skuli taka þátt fyrir hönd hvers *ríkis*

Þegar leiðtogar aðildarríkja koma saman nefnist það *leiðtogaráð Evrópusambandsins*.

Court of Justice of the European Union

- Evrópusambandsdómstóllinn
samheiti: ESB-dómstóllinn
undirstofnun *Evrópusambandsins* og æðsta dómvald þess

critical theory

- gagnrýnikenningar
(alþjóðasamskipti)

hópur kenninga sem leitast við að taka grunnþætti og viðtekin *gildi* í alþjóðakerfinu til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að breyta heiminum og frelsa mannkynið undan pólitísku og hugmyndafræðilegu oki

Meðal gagnrýnikenninga má nefna *femínisma* og *mótunarhyggju*.

D

decentralisation

önnur stafsetning: decentralization

- dreifstýring
samheiti: valddreifing
(opinber stjórnsýsla)

það þegar ákvarðanatökuvald er fært frá miðstýrðu ríkisvaldi til lægri stiga *stjórnsýslu* í þeim tilgangi að færa það nær borgurum í *ríkinu* (andstæða við *miðstýringu*)
sjá einnig: *deconcentration*

decision

- ákvörðun
(Evrópufræði)

Evrópusambandslöggjöf sem gildir í einstökum málum og er bindandi fyrir þá sem henni er beint til

deconcentration

- dreifskipan

(opinber stjórnsýsla)
ein tegund *dreifstýringar*, yfirleitt notað um valddreifingu í opinberri *stjórnsýslu ríkis*

deconstruction

- afbygging (félagsvísindi)
gagnrýni á hefðir og áður óvefengdan hugsunarhátt
Hugtakið kemur upphaflega úr heimspeki og hugvísindum.

defense

- önnur stafsetning: defence
- varnir
samheiti: varnaraðgerðir
takmarkaðir bjargir (ríkis) gegn árás

defensive realism

- varnarraunhyggja (alþjóðasamskipti)
kenning sem gerir ráð fyrir því að *ríki* leitist ávallt við að hámarka eigið *öryggi* með því að tryggja *varnir* ríkisins gegn *stjórnlaysi* í *alþjóðakerfinu*

delegation

- (1) sendinefnd
nefnd sem kemur fram fyrir hönd einhvers t.d. *ríkisstjórnar*, fyrirtækis eða *samtaka*
- (2) umboðsveiting (opinber stjórnsýsla)
ein tegund *dreifstýringar*, yfirleitt notað um veitingu umboðs ríkisvalds til svæðisbundinna *stofnana* sem gjarnan njóta nokkurs sjálfstæðis

deliberative democracy

- samheiti: discursive democracy
- umræðulýðræði
samheiti: rökræðulýðræði
stjórnarfar þar sem ákvarðanatöku byggist á niðurstöðum samræðna á milli borgara og yfirvalda frekar en á kosningum eingöngu
sjá einnig: democracy

democracy

- lýðræði
stjórnarfar þar sem *almenningur* getur með (leynilegum) kosningum haft úrslitavald í stjórnarfarsefnum
Einnig notað í merkingunni réttur og aðstaða einstaklinga og hópa til að láta í

ljós vilja sinn og hafa áhrif á samfélagsleg málefni.

sjá einnig: democratic deficit

democratic deficit

- lýðræðishalli
það þegar raunverulegri framkvæmd *lýðræðis* innan lýðræðislegrar *stofnunar* eða *samtaka* er ábótavant, hvort sem er vegna formgerðargalla eða annarra þátta

dependency theory

- kenning um hæði (alþjóðasamskipti)
marxísk kenning sem beinir sjónum sínum að því hvers vegna bilið á milli hins ríka norðurs og hins fátæka suðurs heldur áfram að breikka

Hugtakið hæði er hér notað í merkingunni að vera háður einhverju(m).

de-securitisation

- önnur stafsetning: de-securitization
- aföryggisvæðing
gagnstæð þróun við *öryggisvæðingu*, þ.e. þegar málaflokkur eða fyrirbæri er fjarlæggt úr umræðu um öryggismál og fært í umræðu um almenn þjóðmál

detritorialisation

- önnur stafsetning: deterritorialization
- afsvæðavæðing
það að heimsskipan riðlast og mörk milli áður aðgreindra svæða verða óljós

Afsvæðavæðing er ein af afleiðingum *hnattvæðingar* og felur í sér að félagsleg tengsl takmarkast ekki lengur við staðbundna þætti og landfræðileg mörk heldur myndast nú þvert á slíkar fyrirverandi hindranir.

developing country

- þróunarríki
ríki sem stendur öðrum að baki um nýtingu náttúruauðlinda og lífskjör borgaranna

development aid

- samheiti: development assistance
- þróunaraðstoð (þróunarfræði)
ríkisbundin aðstoð við *þróunarríki* í formi fjármuna eða annars konar framlaga

Nú á dögum hefur hugmyndin að baki þróunaraðstoð að miklu leyti vikið fyrir hugmyndinni um *þróunarsamvinnu*.

development cooperation

- þróunarsamvinna (þróunarfræði) ríkisbundinn stuðningur, fjárhagslegur eða af öðrum toga, við *þróunarríki* sem felst í sameiginlegum aðgerðum framlaga- og viðtökuríkis við uppbyggingu í því síðar-nefnda sjá einnig: *development aid*

devolution

- valdaframsal (opinber stjórnsýsla) ein tegund *dreifstýringar*, yfirleitt notað um framsal *valds* frá *miðstýrðu* ríkisvaldi til svæðisbundinna *stofnana* sem oft njóta töluverðs sjálfstæðis hvort sem þær eru í einka- eða ríkiseigu

diplomacy

- ríkiserindrektur það að sinna erindrektstri *ríkisins* á alþjóðavettvangi, oftast í gegnum utanríkisþjónustu

direct democracy

- beint lýðræði stjórnarfar þar sem ákvarðanatökuvald er í höndum borgaranna sjálfra án nokkurra milligönguaðila, þ.e. ekki *fulltrúalýðræði*

directive

- tilskipun (Evrópufræði) *Evrópusambandslöggjöf* sem er bindandi fyrir aðildarríkin þannig að uppfylla verður markmiðin en þau ákveða sjálf með hvaða hætti það er gert

disarmament

- afvopnun (öryggismálafræði) það að leggja niður vopn og/eða skera niður eða jafnvel eyða vopnabirgðum sjá einnig: *nonproliferation*

discourse

- orðræða (félagsvísindi) sérhæfður orðaforði sem notaður er til þess

að koma formlegu skipulagi á hugmyndir, þekkingu og reynslu sem á rætur í tungu málinu

Hugtakið er allvíðfeðmt og hefur á síðustu árum öðlast viðurkenningu sem eitt af lykilhugtökum í hug- og félagsvísindum þrátt fyrir að deilt sé um nákvæma skilgreiningu þess.

E

empire

- stórveldi samheiti: heimsveldi víðlent og voldugt *ríki* eða safn ríkja undir einni stjórn sjá einnig: *colonialism, imperialism*

empiricism

- reynsluvísindi sem er byggður á reynslu, raunverulegum athugunum eða tilraunum en ekki á fræðilegum skýringum eða tilgátum

epistemology

- þekkingarfræði sú grein heimspeki sem fjallar um grundvöll, eðli og takmörk þekkingar

ethnocentrism

- þjóðhverfa þjóðhverfur hugsunarháttur, þ.e. trú á yfirburði eigin þjóðernishóps

European Commission

- framkvæmdastjórn Evrópusambandsins undirstofnun *Evrópusambandsins*, vettvangur daglegar framkvæmdar á *stefnu* sambandsins auk þess að sinna fjárlagagerð og almennri hagsmunavörslu

European Council

- leiðtoga ráð Evrópusambandsins undirstofnun *Evrópusambandsins*, skipuð leiðtogum aðildarríkjanna (*forsetum* eða *forsætisráðherrum*) í því skyni að móta *stefnu* sambandsins og taka mikilvægar ákvarðanir

European Court of Human Rights

- Mannréttindadómstóll Evrópu undirstofnun *Evrópuráðsins* sem borgarar í aðildarríkjum þess geta leitað til ef þeir telja

að stjórnvöld hafi beitt þá órétti og þannig brotið á *mannréttindum* þeirra

European Free Trade Association (EFTA)

- Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) fríverslunarsamtök frá árinu 1960, núverandi aðildarríki eru Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss

Meginverkefni *samtakanna* er fríverslun með iðnaðarvörur, sjávarafurðir og að einhverju leyti landbúnaðarvörur, auk þess að hafa milligöngu um samskipti EFTA/EES-ríkja við *Evrópusambandið* á grundvelli *samnings um Evrópska efnahagssvæðið*.

European integration

- Evrópusamruni (Evrópufræði) *samruni* pólitísku, efnahagslegs og félagslegs ákvarðanatökuvalds sem færast frá *stofnunum* í *þjóðríkjum* til sameiginlegra *yfirþjóðlegra* stofnana á vegum *Evrópusambandsins* eða annarra samevrópskra eininga sjá einnig: *Europeanisation*

Europeanisation

- önnur stafsetning: Europeanization
- Evrópuvæðing (Evrópufræði) allar breytingar í kjölfar *Evrópusamruna*

European Parliament (EP)

- Evrópusambandsþingið samheiti: Evrópuþingið undirstofnun *Evrópusambandsins*, fer með löggjafarvald ásamt *ráðherraráði Evrópusambandsins*

European Union (EU)

- Evrópusambandið (ESB) efnahagsleg og pólitísk *samtök* Evrópuríkja sem byggja á grunni Kola- og stálbandalagsins (1952–2002) og Efnahagsbandalagi Evrópu, EB (1958–1993) Evrópusambandið var formlega stofnað undir núverandi heiti með Maastricht-sáttmálanum árið 1993.

European Union legislation

- Evrópusambandslöggjöf lög sem gilda innan *Evrópusambandsins* og *Evrópusambandsþingið* setur

Reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, til-mæli og álit eru allt dæmi um Evrópusambandslöggjöf.

sjá einnig: *international law*

exceptionalism

- sérstöðuhygga (alþjóðasamskipti) *utanríkisstefna* sem einkennist af þeirri trú að eigið *ríki* sé að einhverju leyti einstakt og því undanskilið *alþjóðalögum* sem öðrum beri þó að hlíta

Önnur einkenni á þessari utanríkisstefnu eru hugsjónastríð sem ætlað er að „frelsa“ utanaðkomandi aðila og sú trú að að steðji ákveðnar alheimsógnir. Sem dæmi um þessa stefnu mætti nefna utanríkisstefnu Bandaríkjanna í kjölfar hryðjuverkaárásanna árið 2001.

external sovereignty

- ytra fullveldi sá hluti *fullveldis* sem nær til ytri áhrifa *ríkis*, þ.e. réttar þess og getu til þess að láta til sín taka fyrir utan eigin ríkjamörk

Aðgreining fullveldishugtaksins í innra og ytra fullveldi endurspeglar breytt hagsmunamat ríkja í *alþjóðasamskiptum*.

sjá einnig: *internal sovereignty*

F

failed state

- brostið ríki samheiti: þotríki *ríki* án staðbundinnar, *lögætrar ríkisstjórnar* sem telst ófært um að gæta velferðar eigin borgara án ytri aðstoðar

federalism

- sambandsríkjahygga (alþjóðasamskipti) hugmyndafræði og *samrunakenning* sem byggist á því að *yfirþjóðlegar, miðstýrðar* og sameiginlegar *stofnanir* taki við af *ríkjum* sem æðsta vald í pólitískum og samfélagslegum málum

Sambandsríkjahygga berst fyrir samþættingu valds á hinu yfirþjóðlega sviði sem

svo hefði umsjón með útdeilingu *valds* til smærri eininga á lægri stigum.

feminism

- femínismi

samheiti: kvenfrelsisstefna

pólitísk hreyfing sem hefur það að markmiði að berjast gegn kynbundnu ójafnrétti og kúgun kvenna

Í *alþjóðasamskiptum* er femínismi gjarnan flokkaður með *gagnrýnikenninum* enda beita femínískir fræðimenn gjarnan þeirri *aðferðafræði* að bera rökstudd kennsl á ójafnrétti kynjanna til þess að sýna fram á óhagstæðar *formgerðir* í *alþjóðakerfinu*.

foreign policy

- utanríkisstefna

stefna ríkis í ytri málefnum sínum

four freedoms

- fjórfrelsi

(Evrópufræði)

grunnildi *Evrópusambandsins* um frjálst flæði fólks, fjármagns, varnings og þjónustu á innri markaði þess

functionalism

- virknihyggja

(alþjóðasamskipti)

hugmyndafræði og *samrunakennning* sem byggist á þeirri trú að alþjóðleg *samvinna* sé möguleg í efnahagslegum og samfélagslegum málaflokkum og að þaðan megi smám saman dýpka hana í átt að samstarfi á sviði öryggis- og varnarmála

Yfirþjóðleg samrunaþróun er ekki markmið í sjálfu sér, líkt og í *sambandsríkjahyggju*, heldur tæki til þess að mæta afmörkuðum viðfangsefnum sem betur eigi heima á slíkum vettvangi en hjá *ríkjunum* sjálfum. Áhersla er lögð á breytilegar þarfir borgara og ríkisreksturs og því eru virknihyggjusinnar hlyntir því að *formgerð* (*alþjóða*)*stofnana* fái að þróast eftir þörfum hverju sinni (e. form follows function).

fundamentalism

- bókstafstrú

bókstafleg túlkun á trúarboðskap sem hefur mikil áhrif á daglegt líf og athafnir þess sem

hana stundar

Bókstafstrú getur verið áhrifavaldur í opinberri *stefnu ríkja*, s.s. í kjölfar klerka-byltingarinnar í Íran.

G

game theory

- leikjafræði

(stjórn málafræði)

reiknanlegar formúlur notaðar til að spá fyrir um ákvarðanatöku í erfiðum aðstæðum, s.s. í *átökum*

sjá einnig: *prisoner's dilemma*

gender

- kyngervi

(félagsvísindi)

félagslega mynduð hlutverk, hegðun og eiginleikar sem samfélagið telur hæfa konum og körlum

genocide

- þjóðarmorð

geopolitics

- landfræðistjórn mál

samheiti: landfræðipólitik

(alþjóðasamskipti)

kennning þar sem *stjórn mál* eru skoðuð út frá tengslum þeirra við landfræðilega þætti og hvaða afleiðingar tengingin hefur fyrir *völd* og *hagsmuni ríkja*

global

- hnattrænn

samheiti: heims-

sem nær til jarðarinnar allrar og þeirra sem hana byggja

Dæmi: hnattrænar loftlagsbreytingar

sjá einnig: *globalisation*

global governance

- hnattræn stjórnun

samsafn aðgerða, reglna og kerfa á ýmsum stigum *stjórnsýslu*, formleg eður ei, sem viðhöfð eru á *hnattræna* vísu

sjá einnig: *governance*, *globalisation*

globalisation

- önnur stafsetning: globalization

- hnattvæðing

þróun sem fólgin er í niðurbroti landfræði-

legra (og hugmyndafræðilegra) mæra sem áður aðskildu *þjóðir* heimsins

Hnattvæðing er m.a. oft notuð til þess að skýra uppgang kapítalísks markaðshagkerfis á heimsvísu í kjölfar kalda stríðsins.

global politics

samheiti: world politics

- hnattræn stjórnmal

samheiti: heimsstjórnmal

hvers kyns *hnattræn* stjórnmalatengsl, þ.e. ekki einungis tengsl á milli *ríkja* heldur ýmissa *gerenda* á sviði *stjórnála* sjá einnig: *international politics*

governance

- stjórnunarhættir

samheiti: stjórnun

það hvernig einhverju er stýrt

sjá einnig: *global governance*

government

- ríkisstjórn

hópur skipaður *ráðherrum* í því skyni að fara með daglega ædstu stjórn *ríkis*

green paper

- grænbók

vinnuskýrsla sem hefur að leiðarljósi að marka upphaf að samræðum sem lúta að einhvers konar pólitískum tillögum eða umbótum; getur leitt til vinnslu *hvítbókar*

H

hard power

- hart vald

(alþjóðasamskipti)

vald sem felst fyrst og fremst í hernaðargetu *ríkis* á alþjóðlegum vettvangi en einnig í getu ríkja til þess að beita áhrifamiklum og hraðvirkum pólitískum aðgerðum líkt og efnahagsþvingunum

sjá einnig: *realism, soft power*

hard security

- hernaðarleg öryggismál

(öryggismálafræði)

öryggismál *ríkja* sem lúta að hefðbundnum, utanaðkomandi *ógnum* og felast fyrst og fremst í hernaðarlegum *vörnum*

sjá einnig: *soft security*

heartland theory

- þungamiðjukenning

samheiti: landskjarnakenning

(alþjóðasamskipti)

landfræðipólitísk kenning sem ályktar að *þjóð* eða hópur sem ræður yfir ákveðinni landfræðilegri þungamiðju geti í krafti hennar sölsað undir sig mun umfangsmeira svæði

hegemonic stability theory

- kenning um oddaveldisstöðugleika

(alþjóðasamskipti)

kenning sem gerir ráð fyrir að opnu, frjálsu markaðshagkerfi verði einungis viðhaldið með stuðningi *oddaveldis*

Kenningin byggist á hugmyndafræði *raunhyggju*.

sjá einnig: *realism*

hegemony

- oddaveldi

(stjórnálafræði)

valdamikið *ríki* eða ríkjasamband sem fer með forystu eða yfirráð innan ríkjasambanda eða í samskiptum við önnur ríki

Dæmi um oddaveldi eru t.d. Bretland á 19. öld og Bandaríkin í kjölfar seinni heimsstyrjaldar.

sjá einnig: *hegemonic stability theory*

hermeneutics

- túlkunarfræði

fræðileg nálgun sem felur í sér að túlka viðfangsefnið frekar en að mæla það samkvæmt aðferðum raunvísinda

hierarchy

- stigveldi

virðingarröð sem er félagslega mótuð

high politics

- hápólitik

stjórnmal sem teljast til hefðbundinna grunnstoða í *utanríkisstefnu ríkja*, þ.e. fyrst og fremst öryggis- og varnarmál, *stríð* og hernaðarmáttur

sjá einnig: *low politics*

historical institutionalism

- söguleg stofnanahyggja

(stjórnálafræði)

kenningarfræðileg nálgun sem rýnir í og

greinir þróun stjórn mála með hliðsjón af *stofnanavæðingu* í *samfélaginu* byggt á þeirri trú að myndun og þróun hvers kyns *stofnana* hafi marktæk áhrif á samfélagslegar breytingar og ákvarðanatöku á pólitískum vettvangi

sjá einnig: *institutionalisation*

historical materialism

- söguleg efnishyggja

(stjórn málafræði)

hugmyndafræði byggð á *marxisma* þar sem stéttabarátta, dreifing efnislegra gæða og framleiðsluhættir eru talin móta *samfélög* og viðtekin *gildi* hverju sinni

sjá einnig: *agency, structure*

holism

- heildarhyggja

fræðileg nálgun sem álítur að tiltekna heildir beri að skoða og skilja sem slíkar en ekki einungis út frá þörtum sínum

home rule

- heimastjórn

stjórnarfar þar sem lands- eða *ríkisstjórn* er í höndum staðbundins *ráðherra* sem valinn er af innlendum borgurum þrátt fyrir að *ríkið* lúti enn yfirráðum annars ríkis að hluta

Íslendingar fengu heimastjórn frá Dönum 1. febrúar 1904.

human rights

- mannréttindi

grundvallarréttindi fólks, einkum til frelsis, *öryggis* og jafnræðis, almennt ætluð til að tryggja það fyrir ágangi *ríkisins*

Mannréttindi eru tryggð í alþjóðlegum *sáttmálum*, *stjórnarskrám* ríkja og landslögum þeirra.

sjá einnig: *human security*

human security

- mannöryggi

nálgun á alþjóðleg öryggismál þar sem áhersla er lögð á *öryggi* og velferð einstaklinga, hópa og *samfélaga* gagnstætt ráðandi nálgun *raunhyggju* þar sem megináhersla er lögð á öryggi ríkja og *hagsmuni* þeirra

Klofnings gætir í umræðu um mannöryggi þar sem talsmenn hins svokallaða „breiða skóla“ telja a.m.k. sjö flokka öryggis telj-

ast til mannöryggis: efnahagsöryggi, fæðuöryggi, heilbrigðisöryggi, umhverfisöryggi, persónuöryggi, samfélagsöryggi og pólitískt öryggi. Talsmenn „þrönga skólans“ telja mannöryggi aftur á móti ná eingöngu yfir síðasta þáttinn, pólitískt öryggi.

sjá einnig: *securitisation*

I

idealism

- hugsjónahyggja

(alþjóðasamskipti)

kenningarfræðileg nálgun sem leggur áherslu á siðferðisleg *gildi*, *alþjóðahyggju* og gagnkvæmt hagsmunalegt jafnvægi í samskiptum *ríkja* og *stefnumótun* þeirra í utanríkismálum.

identity

- sjálfsmynd

samheiti: samsemd

(alþjóðasamskipti)

persónuleg og félagsmótuð skynjun á eigin högum og eiginleikum, hvort sem um ræðir einstakling, *stofnun* eða jafnvel *ríki*

ideology

- hugmyndafræði

sú fræðigreinin sem fæst við hugmyndir og hvernig þær falla saman í kerfi eða eina heild

imperialism

- heimsvaldastefna

utanríkisstefna sem miðar að því að sölsa undir sig landsvæði eða önnur gæði á erlendri grundu og fara þar með yfirstjórn sem byggist á *stígveldi*

Stórveldi (heimsveldi) verða til fyrir tilstilli heimsvaldastefnu.

sjá einnig: *realism*

independence

- sjálfstæði

það að *ríki* eða svæði fari með fullt pólitískt forræði yfir eigin högum

Lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944 og varð þar með að fullu sjálfstætt ríki.

Independence Party

- Sjálfstæðisflokkurinn
Íslenskur stjórnmálaflokkur (1929–)

individualism

- einstaklingshyggja
(stjórnmálafræði)
einstaklingsmiðuð hugmyndafræði sem álitur að *formgerðir samfélagsins* og innviðir þess mótist af hinum ýmsu *gerendum* sem að þeim koma og innbyrðis samskiptum þeirra.

institution

- stofnun
fyrirtæki eða annars konar skipulögð starfsemi, opinber eður ei, sem yfirleitt starfar í þágu *almennings* á einhvern hátt
Dæmi: Alþjóðabankinn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru dæmi um ólíkar stofnanir.

institutionalisation

- önnur stafsetning: institutionalization
- stofnanavæðing
það þegar stofnunum á vegum *ríkisins* er komið á fót til þess að samræma og framfylgja *stefnu* í tilteknum málaflokkum

institutionalism

- stofnanahyggja
(alþjóðasamskipti)
hópur kenninga sem byggist á greiningu á *formgerðum*, hlutverkum og áhrifum *stofnana*
sjá einnig: *institutionalisation*

integration

- samruni
samheiti: samþætting
(alþjóðasamskipti)
það þegar gerendur (gjarnan *ríki*), tveir eða fleiri, renna sjálfviljugir saman í pólitískt samfélag
sjá einnig: *integration theory*, *European integration*

integration theory

- samrunakenning
(alþjóðasamskipti)
kenning sem fjallar um pólitískan, félagslegan eða efnahagslegan *samruna*

Sambandsríkjahyggja, *virknihyggja*, *nývirknihyggja*, *samskiptahyggja*, *milliríkjahyggja* og *frjálslynd milliríkjahyggja* eru dæmi um samrunakenningar.

interdependence

- víxlhæði
samheiti: gagnhæði
það að aðilar eru háðir hvor öðrum, t.d. um afkomu eða samstarf

interest

- hagsmunir
(alþjóðasamskipti)
hagur, sbr. ríkishagsmunir og eiginhagsmunir
Raunhyggjukenningar álíta að hagsmunir *ríkja* séu fastir og óbreytanlegir en kenningar í anda *mótunarhyggju* draga þá ályktun í efa og telja að hagsmunir séu félagslega mótaðir.

intergovernmental

- milliríkja-
sem varðar samskipti *ríkisstjórna* fyrir hönd *ríkja*
Dæmi: milliríkjastarf

intergovernmental conference

- ríkjaráðstefna
(Evrópufræði)
vettvangur þar sem undirbúningsvinna og samningsferli fyrir uppfærslu á sáttmála *Evrópusambandsins* fer fram og aðildarviðræður við umsóknarríki eru formlega hafnar

intergovernmentalism

- milliríkjahyggja
(Evrópufræði)
samrunakenning sem byggist á hugmyndafræði *raunhyggju* og sett var fram sem mót-svar við *nývirknihyggju* þegar hægja fór á *Evrópusamrunanum*

internally displaced person (IDP)

- vegalaust fólk innan eigin ríkis
einstaklingur sem hefur yfirgefið heimili sitt til þess að forðast *stríð* eða aðrar *ógnir* en hefur ekki flúið land
sjá einnig: *refugee*

internal sovereignty

- innra fullveldi
sá hluti *fullveldis* sem nær til yfirráða *ríkis* yfir eigin landsvæði og borgurum
Aðgreining fullveldishugtaksins í innra og ytra fullveldi endurspeglar breytt hagsmunamat ríkja í *alþjóðasamskiptum*.
sjá einnig: *external sovereignty*

international

- alþjóðlegur
samheiti: alþjóða-
sem snertir mörg eða jafnvel öll *ríki* heims

internationalisation

- önnur stafsetning: internationalization
alþjóðavæðing
aukin samskipti og *víxlhæði ríkja* á heims-
vísu, m.a. sökum *hnattvæðingar* og þess
kerfis, formlegs eður ei, sem slík samskipti
leiða af sér
Alþjóðavæðing er gjarnan notuð til þess
að skýra þróun markaðshagkerfis á heims-
vísu.

internationalism

- alþjóðahygga
(alþjóðasamskipti)
frjálslyndur kenningaskóli sem hafnar
stjórnmalum sem byggjast á sérhagsmunum
þjóðríkjanna en leggur þess í stað áherslu á
marghliða samvinnu og sameiginlega eða
þverþjóðlega hagsmuni

international law

- alþjóðalög
formleg lög og reglur sem fullvalda *ríki*
hafa komið sér saman um að virða og
(fram)fylgja

international organization

- alþjóðastofnun
hvers kyns viðurkennd *stofnun* sem þrjú eða
fleiri *ríki* eru aðilar að

international politics

- alþjóðastjórnmal
(1) *stjórnmal* sem stunduð eru á alþjóðlegu
sviði;
(2) fræðigrein sem varð til árið 1919 þegar
alþjóðastjórnmalafraeðideild var stofnuð við
Háskólann í Aberystwyth í Wales og hafði
það að markmiði að koma í veg fyrir frekari

stríðsátök með því að rannsaka stjórnála-
leg tengsl á milli *ríkja*

Um margt skylt *alþjóðasamskiptum* en
alþjóðasamskipti eru þó yfirgrípsmeiri
fræðigrein; til að mynda mætti setja
alþjóðalög undir hatt alþjóðasamskipta en
ekki hatt alþjóðastjórnála.

international regime

- alþjóðlegt regluverk
(alþjóðasamskipti)
samsafn reglna, *gilda* og ákvarðanatökuferla
sem *gerendur* á tilgreindu sviði *alþjóðasam-
skipta* hafa sammælst um vegna *sameigin-
legra* markmiða og *hagsmuna*, getur tekið
á sig mynd formlegra eða óformlegra *stofn-
ana*
Hafréttarsamningur *Sameinuðu þjóðanna*
er dæmi um alþjóðlegt regluverk.
sjá einnig: *regime, international regime
theory*

international regime theory

- kenning um alþjóðlegt regluverk
(alþjóðasamskipti)
kenning sem fjallar um samstarf *ríkja*
á tilteknu sviði með því að skoða all-
ar mögulegar birtingarmyndir þess (t.d.
alþjóðastofnanir, frjáls félagasamtök og
viðskiptatengsl) á þeim forsendum að með
því að skoða heildarmyndina megi greina
heildstæða birtingarmynd *stjórnunar* í mála-
flokknum

Ríkjasamstarf á sviði kjarnorkumála er
dæmi um *alþjóðlegt regluverk*.

international relations

- alþjóðasamskipti
(1) alþjóðleg samskipti;
(2) fræðigrein sem skoðar samskipti og
tengsl á milli og meðal *ríkja*

Líta má á fræðigreinina sem þverfaglega
(sem einbeitir sér að alþjóðlegum þáttum
stjórnála, hagfræði, sagnfræði, lögfræði
og félagsfræði) eða skýrt afmarkaða (sem
einbeitir sér einvörðungu að kerfisbundn-
um *formgerðum* og tengslum í *alþjóða-
kerfinu*).

international society

- alþjóðasamfélag

samsafn *fullvalda ríkja* sem viðhafa og virða sameiginleg *gildi* og reglur

international system

- alþjóðakerfi
- heild sem myndast við innbyrðis tengsl fjölmargra fyrirbæra sem á einhvern hátt snerta samskipti þvert á landamæri *ríkja*

Þessi heild er huglæg fremur en skýrt afmörkuð og fræðimenn greinir á um skilgreiningu hennar.

interstate

- milliríkja-
á milli *ríkja* eða, þar sem það á við, fylkja

intervention

- íhlutun
afskipti

intrastate

- innanríkis-
fyrir innan ríkjamörk
Dæmi: innanríkisátök

L

Left-Green Movement

- Vinstri hreyfingin – grænt framboð
Íslenskur stjórnmálaflokkur (1999–)

legitimate

- lögmætur
sem er í samræmi við gildandi lög

liberal intergovernmentalism

- frjálslynd milliríkjahyggja (alþjóðasamskipti)
samrunakennning sem varð til úr *milliríkjahyggju* og *nývirknihyggju* til þess að varpa skýrara ljósi á *Evrópusamrunann* og bæta fyrir vankanta fyrri kenninga

Frjálslyndir milliríkjahyggjusinnar álíta að persónulegt hagsmunamat *ríkja* og mat þeirra á hlutfallslegum völdum innan *yfirþjóðlegra stofnana* séu meginorsök aukinnar samrunaþróunar í Evrópu.

liberalism

- frjálslyndisstefna (alþjóðasamskipti)
hópur kenninga sem kenna má við frjálslyndi, bjartsýni og trú á að heiminn megi

bæta með samvinnu og sameiginlegum *stofnunum*

Liberal Party

- Frjálslyndi flokkurinn
Íslenskur stjórnmálaflokkur (1998–)

libertarian paternalism

- frjálslynd forsjárhyggja (stefnumótunarfræði)
það þegar leitast er við að fá einstaklinga til þess að velja á sjálfstæðan máta það sem þeim er fyrir bestu

low politics

- lágpólitík
stjórnmál sem ekki teljast til hefðbundinna grunnstoða í *utanríkisstefnu ríkja*, t.d. efnahags-, umhverfis- og velferðarmál
sjá einnig: *high politics*

M

Marxism

- marxismi
hugmyndafræði og heimssýn sem kennd er við heimspekinginn Karl Marx og felst í grófum dráttum í baráttu fyrir félagslegum réttindum lægri stétta og ádeilu á efnishyggju og *kapítalisma*
sjá einnig: *critical theory*, *historical materialism*

member of parliament (MP)

- þingmaður
einstaklingur sem kosinn hefur verið til setu á *þingi*

methodology

- aðferðafræði
sú fræðilega aðferð og kenning(ar) sem beitt er við rannsóknir hverju sinni

military

- hernaðar-

minister

- ráðherra
stjórnmálamaður sem á sæti í *ríkisstjórn* og stýrir *ráðuneyti*
sjá einnig: *prime minister*

ministry

- ráðuneyti
stjórnardeild tiltekinna málaflokka sem eru

á ábyrgð *ríkisstjórnar* og leidd af viðeigandi *ráðherra*

motivational realism

- hvataraunhyggja (alþjóðasamskipti) kenning sem leitast við að útskýra samkeppni og *átök milli ríkja* út frá gráðugu og valdasæknu eðli vissra ríkja

multiculturalism

- fjölmennningarhyggja *stefna* á Vesturlöndum sem fæst við það verkefni að finna leiðir til að mæta þörfum aðkomufólks og annarra minnihlutahópa og auðvelda þannig aðlögun þeirra að *samfélaginu* (og öfugt)

multilateral

- marghliða samheiti: fjölhliða (alþjóðasamskipti) sem varðar það þegar aðilar í þremur eða fleiri *ríkjum* verða ásáttir um einhvers konar samstarf

Dæmi: marghliða samningur

multilateralism

- marghliða samvinna samheiti: fjölhliða samvinna sú þróun að ýmsir málaflokkar, þar sem sameiginlegir *hagsmunir* eru í húfi, séu æ oftast unnir af hópi *ríkja* eða á alþjóðlegum vettvangi í stað þess að starfa á einstaklingsgrundvelli

multinational

- fjölþjóðlegur samheiti: fjölþjóða- sem felur í sér þátttöku tveggja eða fleiri *þjóða* eða starfsemi í tveimur eða fleiri löndum

multipolarity

- margpóla kerfi samheiti: margpóla heimsskipan (alþjóðasamskipti) það þegar valddreifing í *alþjóðakerfinu* eða hluta þess er í höndum þriggja eða fleiri *ríkja* eða ríkjasambanda sjá einnig: *unipolarity, bipolarity*

N

nation

- þjóð stór hópur fólks sem á sér að jafnaði sameiginlegt tungumál og menningu, stundum sameiginlega sögulega arfleifð og minningar og býr oftast á samfelldu landsvæði við gagnkvæm innri viðskiptatengsl

national

- þjóðar-samheiti: innlendur, landsbundinn

national interest

- þjóðarhagsmunir samheiti: landshagsmunir hvaðeina sem telst til *hagsmuna þjóðar*, lands eða *ríkis* og er gjarnan af efnahagslegum toga

Í *alþjóðasamskiptum* greinir fræðimenn á um hvort þeir séu fastir og fyrirframákveðnir (raunhyggjusinnar) eða huglægir og breytilegir (mótunarhyggjusinnar o.fl.).

nationalism

- þjóðernishyggja samheiti: þjóðerniskennd hugmyndafræði sem lítur á *þjóðir* sem náttúrulegar einingar sem sameina hóp einstaklinga á grunni sameiginlegs tungumáls, landsvæðis, etnísks uppruna og/eða sögulegra minninga

nationality

- þjóðerni það að tilheyra einhverri *þjóð* sjá einnig: *nationalism*

national level

- landsstig samheiti: á landsvísu, innlendur vettvangur (stjórnsýslu)stig sem nær yfir allt landið

nation-state

- þjóðríki *ríki þjóðar* sem tekur fyrst og fremst til þess landsvæðis sem hún ein byggir

neoclassical realism

- nýklassísk raunhyggja kenning sem leitast við að aðlaga *raunhyggju*

að samtímanum og á það sameiginlegt með *nýraunhyggju* að viðurkenna vægi samfélagslegra *formgerða* í samskiptum *ríkja* en heldur sig að öðru leyti við hefðbundnari hugmyndafræði raunhyggjunnar sjá einnig: *realism*

neo-functionalism

- nývirknihyggja (alþjóðasamskipti) *samrunakenning* sem byggist á *virknihyggju* en var sett fram sérstaklega í þeim tilgangi að útskýra *Evrópusamrunann* á 20. öld

Nývirknihyggjusinnar halda því fram að *víxlverkun* sé drifkrafturinn að baki Evrópusamrunanum og það sem leiði til þess að hann risti æ dýpra.

Neo-Gramscianism

- samheiti: Gramscianism
- nýgramskískar kenningar samheiti: gramskískar kenningar (alþjóðasamskipti) hópur kenninga sem leggja út af *marxískri* hugmyndafræði Antonio Gramsci og byggjast á hugmyndum um *stigveldi* og hvernig ráðandi öfl í *samfélögum* fara með hugmyndafræðilegt *forræði*, og þar með *vald*, yfir almúganum

neoliberal institutionalism

- nýfrjálslynd stofnanahyggja (alþjóðasamskipti) sjá: *neoliberalism*

neoliberalism

- nýfrjálslyndisstefna (alþjóðasamskipti) kenning sem telur að leið *ríkja* til friðar og hagsældar sé fólgin í *samlegð* auðlinda og jafnvel framsali hluta *fullveldis* þeirra til sameiginlegra og/eða *yfirþjóðlegra stofnana*

Hafa skal hugfast að þessi skilgreining á einungis við í *alþjóðasamskiptum*; í umræðu um efnahagsmál útleggst neoliberalism sem nýfrjálslyndhyggja og hefur aðra merkingu.

neo-neo debate

- neo-neo umræðan (alþjóðasamskipti)

umræður sem fram fóru meðal (bandarískra) fræðimanna á 9. og 10. áratug síðustu aldar og snerust um snertifleti *nýfrjálslyndrar stofnanahyggju* og *nýraunhyggju*

neo-realism

- samheiti: structural realism
- nýraunhyggja samheiti: formgerðarraunhyggja (alþjóðasamskipti) kenning sem byggist á skrifum Kenneth Waltz um áhrif *formgerða alþjóðakerfisins* á hegðun *ríkja*, þ.e. áhersla er lögð á formgerðina fremur en einstaka einingar (ríki) innan heildarinnar sjá einnig: *realism*

network

- tengslanet samheiti: samtök hvers kyns vettvangur til samskipta sem einstaklingar og/eða *samtök* nota til þess að skiptast á upplýsingum og mynda innbyrðis tengsl í einhverjum tilgangi Oft getur verið erfitt að greina á milli tengslaneta og *frjálsra félagasamtaka* en þau síðarnefndu eru gjarnan formlegri en þau fyrri.

non-governmental organization (NGO)

- frjáls félagasamtök *stofnun* eða *samtök* sem hvorki eru háð *ríkinu* né rekin í ágóðaskyni heldur í þágu borgaranna og gjarnan til þess að berjast fyrir e.k. umbótum

non-intervention

- meginregla um bann við afskiptum sú hefð *ríkja/alþjóðasamfélagsins* að hlutast ekki til um innanríkismál *fullvalda ríkja* nema í yfstrustu neyð

nonproliferation

- takmörkun á útbreiðslu geryðingarvopna (öryggismálafræði) það þegar takmörk eru sett fyrir vörslu og magni *geryðingarvopna* og getu til að framleiða þau

non-state actor

- gerandi óháður ríki hvers kyns *gerandi* á alþjóðasviðinu sem ekki sækir vald sitt til *ríkis*

Frjáls félagasamtök eru dæmi um gerendur óháð ríki.

norm

- gildi

(alþjóðasamskipti)

almenn viðmið og (oft) óskráðar reglur hvað varðar hegðun *gerenda* í *alþjóðasamskiptum* sem fela auk þess í sér sameiginlegan skilning á réttindum og skyldum innan kerfisins

normative

- forskriftar-

sú fræðilega afstaða sem hefur það að markmiði að bæta heiminn, eða í öllu falli að lýsa fyrirbærum eins og þau ættu að vera sjá einnig: *normative theory, norm*

normative theory

- gildakenning

yfirheiti yfir kenningar sem lýsa fyrirbærum eins og þau ættu að vera samkvæmt ákveðinni forskrift eða grundvallarreglu en eru ekki endilega í raun og veru sjá einnig: *normative*

North Atlantic Treaty Organisation (NATO)

- Atlantshafsbandalagið (NATO) varnarbandalag *ríkja* í Evrópu og Norður-Ameríku sem stofnað var árið 1949 til þess að verja aðildarríkin fyrir ásókn Sovétríkja

Eftir lok kalda stríðsins hefur *bandalagið* lagað sig að nýjum *ógnum* og látið til sín taka utan Evrópu, t.d. í Afganistan, Írak og Líbú.

O

obligation

- skylda

samheiti: kvöð (stjórn málafræði)

pólítísk skylda sem *ríki* eiga engra annarra kosta vöð en að uppfylla

sjá einnig: *international law*

offensive realism

- sóknarraunhyggja

kenning sem gerir ráð fyrir því að *ríki* leitist ávallt við að tryggja *öryggi* sitt með því að

hámarka eigið *vald* og hiki ekki við að taka frumkvæði og beita hörku ef þörf krefur sjá einnig: *realism, defensive realism*

ontology

- verufræði

sú grein heimspeki sem fjallar um tilveru hluta

sjá einnig: *theory*

opinion

- álit

(Evrópufræði)

Evrópusambandslöggjöf sem ekki er bindandi heldur áeggjan til þeirra sem hún beinist að

organisation

önnur stafsetning: organization

- félagasamtök

skipulögð starfsemi þar sem unnið er að sameiginlegu (og oft göfugu) markmiði

Dæmi: Amnesty International og Frímúr- arareglan eru dæmi um ólík félagasamtök.

sjá einnig: *non-governmental organization (NGO)*

P

paradigm

- rannsóknarrammi

samheiti: viðmið, viðtak (félagsvísindi)

viðurkennd hugmyndafræðileg umgjörð sem mótar heimssýn einstaklinga og hefur áhrif á rannsóknarverkefni og stjórnunarstefnu

parliament

- þing

samheiti: löggjafarþing, þjóðþing (stjórn málafræði)

löggjafarsamkoma ýmissa *ríkja*, yfirleitt kosin af *almenningi*

sjá einnig: *member of parliament, representative government*

parliamentary monarchy

- konungspingræði

stjórnarfyrikomulag þar sem fjölskipuð *ríkisstjórn* fer með framkvæmdavald en konungur eða drottning gegnir hlutverki þjóðhöfðingja sem fer þó ekki með eiginlegt

pólítískt *vald*

Dæmi: Bretland og Danmörk eru dæmi um konungspjngæði.

sjá einnig: *representative government*

parliamentary republic

- þingræðislýðveldi
- stjórnarfyrikomulag þar sem fjölskipuð *ríkisstjórn* fer með framkvæmdavald en *forseti* gegnir hlutverki þjóðhöfðingja en fer þó ekki með eiginlegt pólítískt *vald*

Ísland og Þýskaland eru dæmi um þingræðislýðveldi.

sjá einnig: *lýðveldi*

participatory democracy

- þátttökulýðræði
- stjórnarfar þar sem borgarar taka virkan þátt í mótun og framkvæmd *lýðræðis* í ríkinu, til að mynda fyrir tilstilli *borgaralegs samfélags* og/eða *frjálsra félagasamtaka*

patriarchy

- feðraveldi
- (1) samfélagshættir þar sem ættfaðirinn ræður mestu í *samfélaginu* (gamalt);
- (2) rótgrónar *formgerðir* í *samfélögum* sem byggjast á yfirráðum karla og undirokun kvenna

patriotism

- þjóðrækni
- samheiti: ættjarðarást

peacekeeping

- friðargæsla
- aðgerðir á vegum alþjóðlegra aðila/*stofnana*, hernaðarlegar eður ei, sem ætlað er að aðstoða við lausn erfiðra deilumála á milli eða innan *ríkja* og þannig stuðla að varanlegum friði

Öryggisráð *Sameinuðu þjóðanna* er yfirleitt sú *alþjóðastofnun* sem heimilar og/eða stendur að baki friðargæsluadgerðum.

People's Alliance

- Alþýðubandalagið
- íslenskur stjórnmálaflokkur (1956–1999)

periphery

- jaðar
- (alþjóðasamskipti)
- svæði innan *alþjóðakerfisins* sem er valda-

laust með öllu

Grunnhugtak í *heimskerfakenningu*.

pluralism

- fjölhyggja
- (stjórnmálafræði)
- kenningarfræðileg nálgun sem gerir ráð fyrir því að allir skipulagðir hópar séu mögulegir pólítískir þátttakendur og leggur þ.a.l. áherslu á að skoða vinnuhætti allra

policy

- stefna
- samheiti: stefnumál
- áætlun og/eða aðgerðir sem ákvörðun er tekin um að fylgja, oft til þess að ná fyrirframákvörðuðu takmarki

Í stjórnmálafræði lýsir hugtakið gjarnan víðtækri aðgerðaáætlun sem lögð er fram á æðstu stigum *stjórnsýslunnar* til að gera grein fyrir almennum markmiðum og vinnulagi innan hennar.

sjá einnig: *policy analysis, policy formulation, policy direction, policy design, policy making, policy drift, policy implementation, agenda-setting*

policy analysis

- stefnugreining
- (stefnumótunarfræði)
- athugun á einstökum þáttum *stefnu*
- Stefnugreining getur átt sér stað hvenær sem er við *stefnumyndun*.

policy design

- stefnuhönnun
- (stefnumótunarfræði)
- það stig *stefnumyndunar* þegar opinber *stefna* er mótuð

policy direction

- stefnumörkun
- (stefnumótunarfræði)
- ákvörðun um *stefnu* sem ríkisvaldið tekur byggt á afrakstri *stefnumótunar*

policy drift

- stefnurek
- (stefnumótunarfræði)
- aðstæður sem geta myndast þegar formleg *stefnumörkun* er ekki fyrir hendi og *innleiðing stefnu* er veik

Stefnurek eykur möguleika á því að hagsmunaaðilar komist til of mikilla áhrifa.

policy formulation

- stefnumótun
(stefnumótunarfræði)
vinnuferli sem á sér stað við *stefnumyndun*, kemur á undan (og stundum líka á eftir) formlegri *stefnumörkun*

policy implementation

- innleiðing stefnu
(stefnumótunarfræði)
það þegar hafist er handa við að framfylgja *stefnu* sem orðið hefur til við *stefnumyndun* og staðfest með *stefnumörkun*

policy making

- stefnumyndun
(stefnumótunarfræði)
yfirheiti yfir það heildarferli sem myndun á *stefnu* felur í sér

politics

- stjórnmal
hvers kyns málefni er varða rekstur og starfsemi þjóðfélagsins, einkum það sem ekki er þegar ákveðið með lögum og reglugerðum

polity

- stjórnarfarsleg heild
samheiti: stjórnarfar, stjórnarhættir
stjórnmalaleg eining sem lýtur (ríkis)stjórn

polity sui generis (latína)

- einstök stjórnareining
skipulagsheild sem er einstök að því leyti að hana er ekki hægt að bera saman við aðrar
Yfirleitt notað í *alþjóðasamskiptum* til þess að lýsa þróun *Evrópusambandsins*.

pooling

- samlegð
(stjórnmalafraði)
það þegar eitthvað er sameinað til hagræðingar eða til að auka notagildi þess
Samlegð fjármuna er til að mynda nokkuð algeng í *þróunarsamvinnu*.

positive-sum

- samheiti: non zero-sum
- plússumma
(stjórnmalafraði)
aðstæður þar sem báðir/allir aðilar geta bætt

hag sinn og þar með unnið
sjá einnig: *absolute gain, game theory, zero-sum*

positivism

- vissuhyggja
(alþjóðasamskipti)
yfirheiti yfir kenningar sem byggjast á því að mögulegt sé að sjá og skynja raunveruleikann eins og hann er og leggja út af honum á þeim forsendum
Raunhyggja og *frjálslyndisstefna* eru dæmi um vissuhyggjukenningar.
sjá einnig: *post-positivism*

postcolonialism

- síðnýlendustefna
samheiti: eftirlendustefna
(alþjóðasamskipti)
kenning sem hafnar því að evrópumiðaðar stjórnmalakenningar séu til þess fallnar að útskýra heimsstjórnmalin heldur séu þær líklegri til þess að réttlæta hernaðar- og efnahagslega yfirburði norðursins á kostnað hins undirokaða suðurs.

Síðnýlendustefna þróaðist upphaflega meðal fræðimanna í fyrrverandi nýlenduríkjum og öðrum kúguðum hópum í *alþjóðasamfélaginu* og fékk byr undir báða vængi í fræðunum í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 2001.

postmodernism

- póstmóðernismi
(alþjóðasamskipti)
kenning sem byggist á efahyggju og gagnrýni á ríkjandi viðhorf til *alþjóðasamskipta* og *samfélagsins* í heild

postnational

- síðþjóðlegur
sem varðar þá þróun sem felst í yfirfærslu *valds* frá *landsstigi* til *yfirþjóðlegra stofnana*, og þá víðtæku samfélagslegu breytingu sem hún hefur í för með sér

postnationalism

- síðþjóðernishyggja
það þegar *þjóðernishyggja* og sameiginleg *sjálfsmynd* borgara færast frá *þjóðríkinu* yfir til *yfirþjóðlegra* og/eða *hnattrænna* eininga

Oft er rætt um þróun *Evrópusambandsins* og evrópskrar samkenndar í þessu tilliti.

post-positivism

- síðvissuhygga

(alþjóðasamskipti)

yfirheiti yfir kenningar sem byggjast á því að raunveruleikinn sé ekki meitlaður í stein heldur huglægur og félagslega mótaður

Gagnrýnikenningar eru dæmi um síðvissuhyggukenningar.

sjá einnig: *positivism*

power

- vald
samheiti: máttur
(stjórn málafræði)

hæfni og geta *geranda* á pólitískum vettvangi til þess að ná fram markmiðum sínum

power politics

- valdastjórn mála
stjórn mála sem iðkuð eru undir hugmyndafræðilegum áhrifum *raunhyggju*

Er ósjaldan ruglað saman við *raunsæis-stjórn mála*.

pragmatism

- gagnsemishygga
fræðileg nálgun sem álítur að skilningur og þekking verði einungis metin út frá hagnýtu gildi þeirra

president

- forseti
(stjórn málafræði)
þjóðhöfðingi *lýðveldis*

Eðli forsetaembætta er misjafnt eftir löndum og er þátttaka forseta í *stjórn mála* mismikil.

sjá einnig: *presidential government*, *semi-presidential government*

presidential government

- forsetaræði
stjórnarfyrikomulag þar sem *forseti* er óskoraður stjórn mála leiðtogi *ríkis*, þ.e. deilir ekki ríkisforystu með neinum

Bandaríkin eru dæmi um forsetaræði.

sjá einnig: *semi-presidential government*

prime minister

- forsætisráðherra
æðsti *ráðherra* í *ríkisstjórn* og sá sem stýrir forsætisráðuneyti

principle of subsidiarity

- dreiffræðisregla
samheiti: nálægðarregla
(Evrópufræði)
vinnuregla *Evrópusambandsins* um að mál eigi ávallt að taka fyrir á lægsta mögulega stjórnarsýslustigi

prisoner's dilemma

- valþröng fangans
samheiti: fangaklemma
(stjórn málafræði)
valþröng sem sýnir fram á hvernig tveir *gerendur* munu hugsanlega ekki vinna saman þrátt fyrir að það þjóni sameiginlegum *hagsmunum* þeirra

Valþröng fangans er eitt þekktasta dæmi *leikjafræðinnar*.

Progressive Party

- Framsóknarflokkurinn
íslenskur stjórn mála flokkur (1916–)

public

- almenningur
allur þorri manna

public

- opinber
samheiti: almennings-
sem tilheyrir *samfélaginu* og allir hafa aðgang að

public sphere

- almennasvið
gagnrýninn umræðugrundvöllur almennings

Q

qualitative

- eigindlegur
(félagsvísindi)
rannsóknaraðferð sem felst í því að félagslegur veruleiki er útskýrður í ljósi huglægra gagna og gjarnan persónulegrar reynslu einstaklinga

quantitative

- megindlegur (félagsvísindui) rannsóknaraðferð sem felst í því að félagslegur veruleiki er skoðaður með því að mæla hann og skrá með tölum

Megindlegar rannsóknir felast í því að rannsóknaraðferðum raunvísinda er beitt á viðfangsefni félagsvísinda.

quasi-state

- hálfgildingsríki ríki sem önnur ríki hafa viðurkennt sem *fullvalda ríki* en sem uppfyllir þó ekki grunnþarfir borgaranna sjá einnig: *failed state*

R**rational actor**

- skynsamur gerandi (alþjóðasamskipti) *gerandi* í *stjórnámálum* og á alþjóðlegum vettvangi sem er skynsamur að upplagi og hegðar sér þ.a.l. rökrétt sjá einnig: *rational actor model*

rational actor model

- líkan um skynsaman geranda (stjórnálafræði) líkan sem spáir fyrir um hegðun *ríkja* innan *alþjóðakerfisins* á þeim forsendum að þau séu þar helstu *gerendurnir* og hegði sér ávallt rökrétt í hagsmunagæslu sinni
Líkanið byggist á *kenningu um skynsamlegt val*.

rational choice theory

- samheiti: strategic choice theory
- kenning um skynsamlegt val (alþjóðasamskipti) kenning sem styðst við hagfræðilegar nálganir til þess að skýra rökrétta hegðun *ríkja* sem getur fólgið í samvinnu frekar en samkeppni
Kenningin byggist á hugmyndafræði *raunhyggju*.

rational institutionalism

- samheiti: rational choice institutionalism
- rökræn stofnanahyggja

(alþjóðasamskipti) kenningarfræðileg nálgun sem gerir ráð fyrir því að *gerendur* kjósi stundum að vinna saman á vettvangi sameiginlegra *stofnana* vegna gagnkvæms ávinnings þrátt fyrir að slíkt geti haft viss stjórnálaleg höft í för með sér

rationalism

- rökhyggja (alþjóðasamskipti) kenningarfræðileg nálgun sem beitir rökvisu vali og aðferðum *vissuhyggju*

rationality

- skynsemi samheiti: rökrétt hugsun sá hæfileiki að geta beitt röklegri hugsun og metið aðstæður hverju sinni

realism

- samheiti: classical realism
- raunhyggja samheiti: klassísk raunhyggja (alþjóðasamskipti) kenning sem byggist á þeirri hugmyndafræði að samskipti *ríkja* einkennist af baráttu um *völd*, *hagsmuni* og *hlutfallslegan ávinning* í *stjórnlausum* heimi

Raunhyggja telst til grunnkenninga í *alþjóðasamskiptum*.

realpolitik (þýska)

- raunsæisstjórnámál *stjórnámál* sem lúta að afmörkuðum, viðráðanlegum viðfangsefnum
Er ósjaldan ruglað saman við *valdastjórnámál*.
sjá einnig: *realism*

recommendation

- tilmæli (Evrópufræði) *Evrópusambandslöggjöf* sem ekki er bindandi heldur áeggjan til þeirra sem hún beinist að

referent object

- öryggisviðfang (öryggismálafræði) það hvers *öryggi* á að tryggja, t.d. *ríkis*, *hagsmuna*, fólks eða umhverfis

Femínískir fræðimenn leggja t.d. áherslu á önnur öryggisviðföng en þeir sem aðhyllast hugmyndafræði *raunhyggju*.

reflectivism

- ígrundun (alþjóðasamskipti) kenningarfræðileg nálgun sem hafnar aðferðum *rökhyggju* en kys þess í stað túlkandi og íhugular aðferðir

refugee

- flóttamaður einstaklingur sem hefur flúið land sitt til þess að forðast *stríð* eða aðrar *ógnir*, t.a.m. pólitískar ofsóknir eða umhverfisvá sjá einnig: *internally displaced person (IDP)*

regime

- stjórnarfar (stjórn málafræði) tegund *ríkisstjórnar* eða annars konar yfirstjórnar í *ríki*
Vert er að hafa í huga að hugtakið regime getur breytt um merkingu eftir samhengi, sbr. *alþjóðlegt regluverk*.

regionalisation

- önnur stafsetning: regionalization
- umdæmavæðing það þegar ákvarðanatökuvald er í auknum mæli fært til smærrí stjórnsýslueininga frá hinum stærri
Umdæmavæðing getur einnig vísað til aukins *víxlhæðis* nágrannaríkja, s.s. innan *Evrópusambandsins*.

regulation

- reglugerð (Evrópufræði) *Evrópusambandslöggjöf* sem tekur samtundis gildi í aðildarríkjunum án þess að hana þurfi að innleiða sérstaklega í landsrétt

relative gain

- hlutfallslegur ávinningur (alþjóðasamskipti) ávinningur (oftast í formi *valds*) sem er marktækur ef hann er meiri en, eða á kostnað, keppinautarins

Hugmyndin um hlutfallslegan ávinning er nátengd *núllsummu* og er algeng í kenningum sem byggjast á hugmyndafræði *raunhyggju*

sjá einnig: *absolute gain*

representative democracy

- fulltrúalyðræði stjórnarfar þar sem kjörnir fulltrúar *almennings* fara með framkvæmd *lýðræðis* í umboði hennar

representative government

- þingræði stjórnarfyrikkomulag sem gerir *ráðherra* ábyrga fyrir (þjóð)þingi og felur í sér að ríkisstjórn styðjist við meirihluta þingmanna og fari frá völdum þegar meirihlutinn bregst

republic

- lýðveldi þingræðislegt stjórnarfar þar sem æðstu menn eða æðsti maður (*forseti*) *ríkisins* er þjóðkjörinn eða kosinn af þjóðkjörnum fulltrúum til tiltekens tíma
Ísland er lýðveldi.

republican liberalism

- samheiti: democratic peace theory
- lýðræðisleg frjálslyndisstefna (alþjóðasamskipti) kenning sem heyrir undir *nýfrjálslyndisstefnu* og leggur áherslu á að lýðræðislegt stjórnarfar leiði til friðar í ljósi þess að lýðræðisríki eru mun ólíklegri til þess að beita borgara sína harðræði eða ráðast á lýðræðissinnaða nágranna sína sjá einnig: *democracy*

respatialisation

- önnur stafsetning: respatialization
- nýsvæðavæðing það að heimsskipan riðlast og ný svæði verða til
Sumir fræðimenn halda því fram að *hnattvæðing* felist einkum og sér í lagi í nýsvæðavæðingu.

risk

- áhætta hætta á einhverju

S

safety

- öryggi

það að vera öruggur, einkum notað um velferð einstaklinga

securitisation

önnur stafsetning: securitization

- öryggisvæðing

(öryggismálafræði)

það þegar nýir málaflókkar eru innlimaðir í umræðu um öryggismál, einkum öryggis- og varnarmál *ríkja*

Dæmi: Fæða getur verið öryggisvætt hugtak, sbr. nýyrðið fæðuöryggi.

sjá einnig: *security, de-securitisation*

security

- öryggi

það að vera öruggur, einkum með tilliti til varúðarráðstafana og/eða varna

sjá einnig: *human security, securitisation*

security studies

- öryggismálafræði

semi-periphery

- hálfjaðar

(alþjóðasamskipti)

svæði innan *alþjóðakerfisins* sem telst ekki vera ríkjandi þrátt fyrir að þar liggi einhver *völd*

Grunnhugtak í *heimskerfakenningu*.

semi-presidential government

- forsetaþingræði

stjórnarfyrikkomulag þar sem forseti er helsti stjórnmalaleiðtogi *ríkis* en deilir ríkisforystu með *forsætisráðherra*

Frakkland og Kína eru dæmi um forsetaþingræði.

sjá einnig: *presidential government*

shadow of the future

- framtíðarskuggi

samheiti: skuggi framtíðar

(alþjóðasamskipti)

þegar væntingar um framtíðarsamskipti hafa áhrif á samskipti í samtímanum

Nágrannaríki búa t.d. við langan framtíðarskugga því þau vita að þau þurfa að starfa

saman fyrir eða síðar og tregða til samstarfs er því báðum í óhag.

Social Democratic Alliance

- Samfylkingin

íslenskur stjórnmalaflokkur (2000–)

Social Democratic Party

- Alþjóðflokkurinn

íslenskur stjórnmalaflokkur (1916–1999)

Socialist Unity Party

- Sósíalístaflokkurinn

samheiti: Sameiningarflokkur alþjóðu – Sósíalístaflokkurinn

íslenskur stjórnmalaflokkur (1938–1968)

society

- þjóðfélag

skipulagt *samfélag* manna sem mótast af tilteknum, og oft mismunandi, framleiðsluáttum

sjá einnig: *nation*

sociological institutionalism

- félagsleg stofnanahyggja

(félagsfræði)

kenningarfræðileg nálgun sem miðar að því að skoða samfélagsleg áhrif og afleiðingar *stofnanavæðingar* í ríkari mæli en aðrar gerðir *stofnanahyggju* hafa gert

sociological liberalism

- félagsfræðileg frjálslyndisstefna

(alþjóðasamskipti)

kenning sem heyrir undir *nýfrjálslynda stofnanahyggju* og leggur áherslu á mikilvægi samfélagsmyndunar, friðsamlegra samskipta og aukins *víxlhæðis* í *alþjóðakerfinu*

soft power

- mjúkt vald

(alþjóðasamskipti)

vald sem felst í hæfni *ríkja* til þess að hafa áhrif á val og/eða vilja annarra með því að beita t.d. jákvæðum þrýstingi og stuðla að uppbyggilegum samskiptum og landkynningu

sjá einnig: *hard power*

soft security

- samfélagsleg öryggismál

(öryggismálafræði)

öryggismál *ríkja* í víðu samhengi, þ.e. allt

sem ekki telst til *hernáðarlegra öryggismála*

Dæmi: Skipulögð glæpastarfsemi, umhverfisvandamál og efnahagslegur óstöðugleiki

sovereignty

- fullveldi

stjórnarfar þar sem *ríki* fer með full og óskoruð yfirráð á eigin landsvæði, þ.e. þegar ríkisvaldið er öllu *valdi* æðra innan ríkis-markanna

Friðarsamningarnir í Vestfalíu (1648) eru yfirleitt taldir marka upphaf nútímaskilnings á hugtakinu. Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918.

sjá einnig: *internal sovereignty, external sovereignty*

spillover

- víxlverkun

(stjórn málafræði)

það þegar *samruni* á einu sviði þrýstir á samruna á því næsta

Víxlverkun er lykilhugtak í *nývirkni-hyggju*.

state

- ríki

tiltekið byggt landsvæði með föstu stjórn-skipulagi

strategic studies

- herkænskufræði
samheiti: herfræði

structuralism

- formgerðarhyggja
(alþjóðasamskipti)

kenning eða fræðilegt sjónarhorn þar sem *alþjóðasamskipti* eru skoðuð út frá félagslegum *formgerðum* í *samfélögum*

structure

- formgerð

(félagsfræði)

samfélagsleg fyrirbæri sem takmarka *gerendahæfni* einstaklinga, s.s. kyn, þjóðerni eða trúarskoðanir

Gerendahæfni og formgerðir í *samfélögum* eru grunnhugtök í *marxisma* og tengdum kenningum.

sjá einnig: *structuralism*

subnational

- undirþjóðlegur

sem er á lægra stjórnsýslustigi en *landsstigi*

Dæmi: undirþjóðleg samtök

summit

- leiðtogafundur

fundur þar sem leiðtogar *ríkja* koma saman til þess að fjalla um ýmis málefni

supranational

- yfirþjóðlegur
samheiti: yfirríkja-
(alþjóðasamskipti)

sem er ofar, eða æðri, *ríkjum*

supraterritoriality

- yfirsvæði

órætt svæði þar sem samskipti og félagsleg tengsl eiga sér stað óháð landfræðilegri staðsetningu

Facebook er dæmi um yfirsvæði.

T

territorial waters

samheiti: fishing limits

- landhelgi

það sjávarsvæði undan strönd lands sem fellur undir lögsögu tiltekins *ríkis*

sjá einnig: *coast guard*

territory

- yfirráðasvæði

terrorism

- hryðjuverk

samheiti: hryðjuverkastarfsemi

skemmdarverk, manndráp eða aðrir glæpir sem framdir eru af skipulögðum hópi í pólitískum tilgangi til að afla málstaðnum fylgis með því að valda ótta meðal *almennings*

The Movement

- Hreyfingin

íslenskur stjórn mála flokkur (2009–)

theocracy

- klerkaveldi

stjórnarfar þar sem konungur eða æðsti valdhafi fer með vald guðs og guðslög eru landslög

theory

- kenning

samstætt kerfi setninga eða lögmála sem notað er til að skýra fyrirbæri á einhverju sviði

Allar kenningar gefa sér forsendur um *verufræði*, *þekkingarfræði* og *aðferðafræði*.

think tank

- hugveita

samheiti: sérfræðingaráð

sérhæfð *samtök* sem rannsaka og tala máli framþróunar og lausna í sérhæfðum samfélagslegum málaflokkum, s.s. á sviði efnahags- eða umhverfismála

threat

- ógn

yfirvofandi hætta sem stefnir tilvist eða *hagsmunum* í voða

transactionalism

- samskiptahyggja (alþjóðasamskipti)

samrunakennning sem skoðar samrunaþróun út frá félagslegum þáttum og orsökum í stað þess að einblína einungis á stjórnmálalega og efnahagslega áhrifavalda

transnational

- þverþjóðlegur

hvers kyns starfsemi sem fer fram þvert á og án tillits til landamæra

Dæmi: þverþjóðlegt tengslanet

transnationalism

- þverþjóðahyggja (alþjóðasamskipti)

kenningarfræðileg nálgun sem kom fram á 8. áratug 20. aldar og hélt því fram að *ríki* væru ekki lengur einu áhrifamiklu *gerendurnir* í *alþjóðasamfélaginu*

treaty

- sáttmáli

samheiti: milliríkjasáttmáli

formlegur samningur milli tveggja eða fleiri ríkja sem varðar alþjóðleg málefni, svo sem frið, *bandalög* eða verslun og viðskipti

U**unipolarity**

- einpóla kerfi

samheiti: einpóla heimsskipan

(alþjóðasamskipti)

það þegar eitt *ríki* eða ríkjasamband fer með yfirgnæfandi *vald* á alþjóðlegum vettvangi

Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að árið 1990 hafi *alþjóðakerfið* orðið einpóla þar sem einungis Bandaríkin gátu talist vera *stórveldi*.

United Nations (UN)

- Sameinuðu þjóðirnar (SP)

alþjóðleg *samtök* skipuð flestum *fullvalda ríkjum* heims, stofnuð árið 1945 af sigurvegurum seinni heimsstyrjaldarinnar í von um að koma í veg fyrir *stríð* og til þess að vinna að efnahags- og félagslegum umbótum

Sameinuðu þjóðirnar starfa víðs vegar um heim á grunni sex meginstofnana: allsherjarþings, öryggisráðs, efnahags- og félagsmálaráðs, aðalskrifstofu og alþjóðadómstóls, auk svo til úrelts gæsluverndarráðs.

W**war**

- stríð

war crimes

- stríðsglæpir

glæpir sem brjóta gegn alþjóðlegum *sáttmálum* um hegðun í *stríði*

weak state

- veikt ríki

ríki sem hefur skerta getu sökum veiklaðra innviða sem leiðir óhjákvæmilega til óstöðugleika

Flest *þróunarríki* falla undir skilgreiningu á veiku ríki en þó greinir fræðimenn á um nákvæma skilgreiningu hugtaksins.

weapons of mass destruction (WMD)

samheiti: atomic, biological and chemical weapons (ABC weapons), nuclear, biological and chemical weapons (NBC weapons)

- geryðingarvopn

vopn búin slíkum eyðileggingarmætti að þau eru talin geta valdið afar yfirgripsmiklum skaða og mannfalli bæði meðal hermanna og óbreyttra borgara

Nútímagereyðingarvopn eru annaðhvort kjarnorkuvopn, efnavopn eða lífefnavopn.

white paper

- hvítbók
skýrsla sem felur í sér formlegar tillögur *ríkisstjórna*, oft byggðar á *grænbók*, sem gjarnan snúast um tillögur að eða breytingar á lagasetningu.

Women's List

- Samtök um kvennalista
samheiti: Kvennalistinn
íslenskur stjórnámálflokkur (1983–1999)

world systems theory

- heimskerfakenning
(alþjóðasamskipti)
marxísk kenning sem skiptir *alþjóðakerfinu* í þrjá flokka: *kjarna*, *hálfjaðar* og *jaðar*
Valdhafar mynda kjarnann, aðilar sem hafa einhver *völd* teljast til hálfjaðars en valdalitlir eða valdalausir aðilar hafast við á jaðrinum og þurfa að laga sig að heimsmyndinni sem hinir móta.

X

xenophobia

- útlendingahatur
samheiti: útlendingahræðsla

Z

zero-sum

- núllsumma
(stjórn málafræði)
aðstæður þar sem aðili getur einungis farið með sigur af hólmi ef mótherji hans tapar
Samkvæmt núllsummu í *alþjóðasamskiptum* eru *völd* og auðlindir fastar stærðir svo eina leiðin fyrir *ríki* til þess að bæta hag sinn er að gera svo á kostnað annars ríkis.
sjá einnig: *absolute gain*, *game theory*, *positive-sum*

